

---

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# Þróun kynjajafnréttis á Alþingi

Ritgerð til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði  
Nafn nemanda: Ásdís Björg Björgvinsdóttir  
Leiðbeinandi: Ásta Jóhannsdóttir  
Haustönn 2017



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

---

Staðfesting á lokaverkefni til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Lokaverkefnið

## Þróun kynjajafnréttis á Alþingi

Eftir **Ásdísi Björgu Björgvinsdóttur, kt. 160892-3159**

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur hlotið lokaeinkunnina \_\_\_\_\_

---

Háskólinn á Bifröst

---

Leiðbeinandi

---

Sviðsstjóri félagsvísindasviðs

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# Þróun kynjajafnréttis á Alþingi

Ritgerð til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Nafn nemanda: Ásdís Björg Björgvinsdóttir

Leiðbeinandi: Ásta Jóhannsdóttir

Haustönn 2017



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

## ÁGRIP

Í þessari ritgerð er farið yfir þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Niðurstöður hennar eru kynntar og gert grein fyrir því hvernig þróunin hefur átt sér stað. Það var enn fremur markmið og tilgangur ritgerðarinnar að skoða þessa þróun ásamt því að sjá hví þróunin sé hæg. Saga baráttunnar fyrir kynjajafnrétti spannar vel yfir hundrað ár og er henni langt frá því að vera lokið. Sagt er að Ísland sé það ríki í heiminum sem er komið hvað lengst í kynjajafnréttismálum. Þrátt fyrir það á þjóðin enn langt í land með að ná fullkomnu kynjajafnrétti.

Unnið var að ritgerðinni með því að afla heimilda um viðfangsefni. Þær heimildir voru ítarlega rýndar til að finna út hverjar hentuðu ritgerðinni best. Niðurstöður ritgerðarinnar leiddu meðal annars í ljós að á Íslandi hafa átt sér stað fimm stór stökk hvað varðar hlutföll kvenna á Alþingi. Ástæðurnar fyrir þessum stökkum hafa þó verið mismunandi. Óhætt er að segja að þróunin í átt til kynjajafnréttis á Alþingi virðist að mestu leyti, fara vaxandi. Það má þó telja þróunina vera nokkuð hæga, sérstaklega þegar litið er til þess að heil öld sé liðin frá því að íslenskar konur hlutu kjörgengi og kosningarétt.

## **ABSTRACT**

This thesis was aimed at the development of gender equality on Althingi. The findings on the topic are presented and it is explained how the development has occurred. It was also the goal and purpose of the thesis to go over the development as well as to see why the development is slow. The history of the fight for gender equality spans well over a hundred years and is far from being over. Iceland is said to be the country in the world that has come the farthest regarding gender equality. Despite that the nation still has a long way to go in achieving complete gender equality.

The thesis was done by obtaining sources on the subject. These sources were thoroughly reviewed to find the ones that were the most suitable for the thesis. Among the things that the results of the thesis led to is that in Iceland there have been five large leaps regarding women's rate in Althingi. The reasons behind these leaps have though been different. It is safe to say that the development towards gender equality on Althingi seems for the most part, to be growing. However, the development may be seen as relatively slow, especially when it is considered that a whole century has passed since Icelandic women gained eligibility and the right to vote.

## FORMÁLI

Ritgerð þessi er 14 ECTS eininga lokaverkefni til BA gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS) við Háskólann á Bifröst. Titill ritgerðarinnar er *Þróun kynjajafnréttis á Alþingi* og var hún unnin á 15 vikna tímabili, það er frá 21. ágúst til 1. desember árið 2017. Kynjajafnrétti flokkast sem almenn mannréttindi. Með því er meðal annars átt við að tækifæri, réttindi og ábyrgð eigi að vera jöfn, óháð kyni. Þar sem kynjajafnrétti ríkir, er gert ráð fyrir því að kynin taki jafnan þátt í einkalífnum og í hinu opinbera, þar á meðal Alþingi. Viðfangsefni ritgerðarinnar er mér mikið hjartans mál því að það er mín einlæga von að kynjajafnrétti náist sem fyrst hér á landi og um heim allan.

Það eru nokkrir einstaklingar sem eiga skilið miklar þakkir. Ég vil byrja á því að þakka unnusta mínum, Sigurði Ellerti Sigfússyni, fyrir endalausan stuðning og hvatningu ásamt þeirri miklu þolinmæði sem hann veitti mér á þessu tímabili. Leiðbeinanda mínum, Ástu Jóhannsdóttur, vil ég þakka fyrir styrka og góða leiðsögn. Henni þakka ég einnig hvatningu og þolinmæði sem hún veitti á þeim tímum sem ég var að missa trúna á sjálfri mér. Samstarfsfólki mínu þakka ég sveigjanleika í garð vinnutíma minna meðan á ritgerðarvinnunni stóð. Sérstakar þakkir vil ég svo veita systur minni henni Elsu Láru Arnardóttur, kennara og fyrrverandi þingkonu, fyrir yfirlestur og ábendingar. Bróður mínum, Áspóri Birgissyni, þakka ég einnig fyrir aðstoð við þýðingu á ágripi ritgerðarinnar. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir ómetanlegan stuðning og skilning á fjarveru minni á meðan á skrifum stóð.

Hvalfjarðarsveit, 1. desember 2017



Ásdís Björg Björgvinsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur .....	1
2.	Hugtök og kenningar.....	4
2.1.	Kynjajafnrétti .....	4
2.2.	Stjórnsmál.....	6
2.3.	Alþingi Íslendinga.....	7
2.4.	Eðlishyggja .....	10
2.5.	Kyngervi .....	12
3.	Konur á Alþingi .....	14
3.1.	Kosningaréttur kvenna til Alþingis.....	14
3.2.	Frá fyrstu þingkonunni til fyrsta kvenráðherra.....	15
3.3.	Kvennalistinn .....	16
3.4.	21. öldin .....	21
3.5.	Alþingiskosningarnar árið 2017.....	24
4.	Niðurstöður .....	27
4.1.	Kosningaþátttaka kvenna.....	27
4.2.	Fjöldi kvenna á Alþingi .....	27
4.3.	Mótlæti gegn þátttöku kvenna á Alþingi .....	29
5.	Umræður og ályktanir .....	31
6.	Lokaorð .....	35
	Heimildaskrá.....	36

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Úrslit alþingiskosninga 2017.....	24
Tafla 2.	Þróun kvennahlutfalls á Alþingi frá 1922 til 2017 .....	28

# **1. INNGANGUR**

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Skoðað er hvernig kynjajafnrétti hefur þróast frá árinu 1922 en það ár settist kona á Alþingi í fyrsta sinn í íslenskrri stjórnmalasögu. Árið 2017 eru því 95 ár liðin frá því að þessi merkilegi viðburður átti sér stað. Þrátt fyrir að hátt í hundrað ár séu frá því að konur fengu fyrst sæti á Alþingi hafa konur aldrei náð því að vera meirihluti þingmanna. Eftir alþingiskosningarnar árið 2016 hlutu konur 47,6% þingsæta og höfðu þær aldrei verið fleiri á Alþingi. Ári síðar kom upp mál í samfélaginu sem leiddi til þess að kosið var að nýju. Á þessu eina ári fækkaði konum um 9,5% á Alþingi en konur hlutu aðeins um 38,1% þingsæta í kosningunum árið 2017. Þetta er lægsta hlutfall kjörinna kvenna á Alþingi í 10 ár. Ásamt því að skoða þá þróun sem hefur átt sér stað frá árinu 1922 til ársins 2017 verður ferlið sem leiddi til þess að konur hlutu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis stuttlega rakið. Það verður einnig farið yfir mikilvæg hugtök og kenningar sem er að finna í ritgerðinni. Ferli þróunarinnar verður notað með aðstoð þessara hugtaka og kenninga til að svara rannsóknarspurningum ritgerðarinnar.

Ritgerðin skiptist í sex kafla sem hver um sig hefur mismarga undirkafla. Fyrsti kaflinn er inngangur þar sem viðfangsefnið er kynnt og gert er grein fyrir rannsóknarspurningum. Farið er yfir uppbyggingu ritgerðar, sagt frá þeim aðferðum er notaðar voru við vinnuna og færð rök fyrir vali á viðfangsefni. Í öðrum kafla er sagt frá hugtökum og kenningum. Þau eru kynjajafnrétti, stjórnmal, Alþingi Íslendinga, eðlishyggja og kyngervi. Farið er yfir merkingu þeirra og tengsl við viðfangsefnið. Þegar fjallað er um kynjajafnrétti verður meðal annars litið á stöðu Íslands á lista er varðar kynjajafnrétti ríkja á heimsvísu sem tekin er saman af Alþjóðaefnahagsráðinu (World Economic Forum). Hugtakið stjórnmal er erfitt að útskýra á einfaldan hátt, í umfjölluninni um hugtakið er þó reynt að útskýra það eftir bestu getu. Meðal þess sem litið verður á þegar fjallað er um Alþingi Íslendinga er stuttleg yfirferð af sögu Alþingis, svo eitthvað sé nefnt. Hugmyndina um eðlishyggju má rekja aftur til fornaldar og hafa ýmsir fræðimenn sett fram sína hugsun um eðli kynjanna líkt og sjá má í þeirri umfjöllun. Kyngervi er að mati höfundar nokkuð snúið en með umfjölluninni sem fer fram um kyngervi má þó sjá hversu mikilvægt það er. Kafli þrjú fjallar um konur á Alþingi og skiptist hann í fimm undirkafla. Í fyrsta undirkaflanum er farið yfir tímabilið frá því að fyrsta frumvarpið varðandi kosningarétt kvenna var lagt fram til Alþingis og þar til að fyrsta landskjörið átti sér stað eftir að konur hlutu kosningarétt. Undirkafla tvö spannar um 50 ára tímabil eða frá því að kona settist fyrst á Alþingi og þar til að kona hlaut í fyrsta sinn ráðherraembætti. Þriðji undirkaflinn fjallar



svo um Kvinnalistan. Farið er yfir sögu listans frá því hann var stofnaður og þar til að hann sameinaðist öðrum flokkum. Sagt er frá hugmyndafræði hans, þingstörfum og þeim áhrifum sem hann hafði á stjórnmalapáttöku kvenna. Í kaflanum er þó einnig sagt frá stjórnmalapáttöku kvenna sem ekki voru í Kvinnalistanum á þeim tíma er hann starfaði. Í undirkafla fjögur er farið yfir það sem gerst hefur á 21. öldinni fram að alþingiskosningunum sem áttu sér stað haustið 2017 og sagt frá páttöku kvenna. Þar á meðal er sagt frá því þegar að kona varð í fyrsta sinn forsætisráðherra Íslands. Undirkafla fimm fjallar svo um alþingiskosningarnar árið 2017. Vegna kosningaúrslita og þess sem hefur gerst í kjölfar þeirra, eins og umræða um nýtt kvannaframboð, ákvað höfundur að hafa sér undirkafla um kosningarnar. Í kaflanum er meðal annars rætt um kynjahlutföll innan þeirra níu flokka sem buðu sig fram í öllum sex kjördæmum landsins. Farið er yfir úrslit kosninganna, sagt frá stjórnarmyndunarviðræðum ásamt því að sagt er frá umræðunni um nýtt kvannaframboð. Í kafla þrjú er sem sagt farið yfir þróunina sem hefur átt sér stað hvað varðar stjórnmalapáttöku kvenna á Alþingi. Þess ber að geta að þegar farið er yfir störf kvenna á Alþingi er aðallega skoðaðar konur sem setið hafa sem aðalmenn, hvort sem þær hafa gegnt embætti þingmanns, ráðherra eða forseta Alþingis. Ástæðan fyrir því að aðeins eru skoðaðir aðalmenn er sú að varamenn hafa verið margir, gegnt mismunandi störfum og starfað mislengi. Það má einnig nefna að í ritgerðinni verður ekki farið yfir það hvernig stjórnmalaflokkar raða á sína framboðslista. Höfundur gerir sér grein fyrir því að röðun á framboðslista getur farið mismunandi fram á milli flokka sem getur haft áhrif á kynjahlutfall. Í kafla fjögur er farið yfir helstu niðurstöður ritgerðarinnar um þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Unnið er út frá þeim upplýsingum sem koma fram í kafla tvö og þrjú. Niðurstöðukaflanum er skipt niður í þrjú undirkafla. Fyrsti undirkaflinn kemur inn á kosningapáttöku kvenna frá árinu 1916 til ársins 2016. Undirkafla tvö fer yfir fjölda kvenna á Alþingi frá árinu 1922 til ársins 2017. Í þeim kafla er því farið almennt yfir þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Þriðji undirkaflinn fjallar svo um það mótlæti sem hefur mætt páttöku kvenna á Alþingi. Í fimmta kafla ritgerðarinnar koma svo umræður og ályktanir. Þar leitast höfundur við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagðar voru fram í upphafi. Umræður um niðurstöður fara fram í þessum kafla, ásamt túlkun höfundar á þeim. Jafnframt verður dregin ályktun út frá niðurstöðum, farið stuttlega yfir endurskoðun verkefnisins og komið með tillögur um mögulegt framhald. Í kafla sex mun höfundur svo leggja fram lokaorð ritgerðarinnar.

Þegar að hugmyndavinnan fór af stað til að finna viðfangsefni þessarar ritgerðar kom fyrst upp sú hugmynd að skoða þróun kynjajafnréttis í stjórnmalum landsins. Ákveðið var að afmarka viðfangsefnið sökum þess hversu viðfangsmikil stjórnmal eru og skoða þróunina út frá Alþingi.

Á þeim 95 árum sem liðin eru frá því að kona settist fyrst á Alþingi þá hafa konur einungis verið um 21,2% allra þingmanna og um 19,4% allra ráðherra. Þetta eru sláandi lágar tölur og þá sérstaklega í ljósi þess hversu oft sé talað um að Ísland sé fremst í röðum jafnréttismála á heimsvísu. Auk þessa telur höfundur þetta verulega hæga þróun þegar litið er til þess hversu mörg ár þátttaka kvenna á Alþingi spannar. Markmið og tilgangur ritgerðarinnar er því að skoða hvernig kynjajafnrétti hefur þróast á Alþingi Íslands og skoða af hverju þróunin sé hæg. Rannsóknarspurningar ritgerðarinnar eru þar af leiðandi:

- ❖ Hvernig hefur kynjajafnrétti þróast á Alþingi?
- ❖ Hví er þróunin hæg?

Í þessari ritgerð hefur höfundur stuðst við kröfur Háskólans á Bifröst er varða ritun lokaritgerða. Leiðbeiningar og reglur hafa verið settar fram af starfsmönnum skólans í skjalinu F180 sem finna má á vefsíðu Háskólans á Bifröst. Höfundur hafði það skjal tiltækt við ritgerðarskrifin. Ritgerðin er heimildaritgerð og aflaði höfundur sér heimilda af internetinu, bókasöfnum, úr fyrra námsefni og frá upplýsingagjöf leiðbeinanda. Farið var yfir heimildirnar og þær rýndar, til að sjá hverjar hentuðu þessari ritgerð best. Niðurstöður ritgerðarinnar eru samantekt og túlkun út frá þeim heimildum sem höfundur skoðaði og eru notaðar til að svara rannsóknarspurningum hennar eftir bestu getu.

Höfundur ritgerðarinnar hefur í gegnum skólagöngu sína við Háskólann á Bifröst setið ýmis námskeið í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Í þeim námskeiðum öðlaðist höfundur meðal annars mikinn áhuga á bæði kynjajafnrétti og stjórnmálum. Þegar kom svo að því að velja viðfangsefni fyrir BA ritgerðina kom ekkert annað til greina en að nota þennan ný fundna áhuga, því mikilvægt er að skrifa um það sem manni þykir áhugavert. Með því að skrifa um *Þróun kynjajafnréttis á Alþingi* er höfundur að slá tvær flugur í einu höggi þar sem viðfangsefnið kemur svo sannarlega inn á bæði kynjajafnrétti og stjórnmál. Umræður um kynjajafnrétti eru einnig sífellt að aukast hér á landi, hvort sem það er í tengslum við stjórnmál, atvinnulífið eða annað. Þessi umræða hefur því ýtt vel undir áhugann og vekur forvitni um þróun kynjajafnréttis. Allir þeir sem hafa áhuga á stjórnmálum og kynjajafnrétti gætu haft gagn og gaman af því að lesa þessa ritgerð. Viðfangsefni hennar er eitthvað sem ætti að varða alla, óháð kyni. Þrátt fyrir að vera áhugavert viðfangsefni er það einnig gífurlega mikilvægt og þá sérstaklega þegar litið er á það sem er að eiga sér stað í samfélaginu núna árið 2017.

## 2. HUGTÖK OG KENNINGAR

### 2.1. KYNJAJAFNRÉTTI

Litið er á kynjajafnrétti sem mannréttindi. Kynjajafnrétti á við um jöfn tækifæri, jafna ábyrgð og jöfn réttindi karla og kvenna. Með kynjajafnrétti er ekki átt við að kona og karl verði eins. Það er átt við að þessi tækifæri, ábyrgð og réttindi muni ekki fara eftir kyni einstaklings heldur eftir einstaklingnum sjálfum, óháð kyni. Með kynjajafnrétti er verið að fagna fjölbreytileika mismunandi karla og kvenna. Í því samhengi er tekið tillit til forgangsröðunar, hagsmuna og þarfa beggja kynja (United Nations, e.d.). Þar sem kynjajafnrétti er við lýði tíðkast að kynin taki jafnan þátt í einkalífnum og í því opinbera. Ásamt því eru bæði kynin jafn valdamikil og jafn sjáanleg í samfélaginu. Á Íslandi eru til lög um jafnan rétt og stöðu karla og kvenna, lög númer 10/2008. Með þeim á að koma á og viðhalda jöfnum tækifærum kynjanna og jafna stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Það á að viðhalda jafnrétti (Jafnréttisstofa, e.d.).

Íslenskar konur hafa barist fyrir jafnrétti í meira en hundrað ár. Árangri hefur verið náð á ýmsum sviðum, en þrátt fyrir það er enn margt sem betur má fara. Leiðin að kosningarétti kvenna er stuttlega rakinn í kaflanum *Konur á Alþingi*, en hann hlutu þær ekki fyrr en árið 1915. Í kaflanum er einnig fjallað um þátttöku kvenna á Alþingi, líkt og nafnið á kaflanum gefur til kynna. Þann 24. október 1975 var kvennafrídagurinn haldinn í fyrsta sinn. Þá lögðu meira en 25 þúsund íslenskar konur niður störf sín. Það gerðu þær til að sanna mikilvægi þeirra í samfélaginu. Ári síðar voru fyrstu jafnréttislög landsins samþykkt og sama ár var Jafnréttisráð stofnað. Árið 1980 átti sér svo stað sögulegur viðburður. Frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands og var það í fyrsta sinn á heimsvísu sem kona hlaut það embætti eftir lýðræðislegar kosningar. Á næstu árum fóru konur að verða meira og meira áberandi í stjórnámálum, en fjallað verður nánar um það síðar í ritgerðinni (Jafnréttisstofa, 2017).

Síðustu átta ár hefur Ísland verið efst á lista Alþjóðaeftnahagsráðsins er varðar kynjajafnrétti ríkja heimsins. Samkvæmt skýrslu ráðsins er Ísland með 0,874 stig og hefur því lokað um 87% af bilinu sem er á milli kynjanna, frá og með árinu 2016. Fjórir þættir eru skoðaðir við þennan útreikning, stig eru veitt fyrir hvern þátt fyrir sig og veitir meðaltal þeirra heildar stigafjölda hvers lands. Þessir fjórir þættir eru efnahagsleg þátttaka og tækifæri, námsárangur, heilsa og öryggi ásamt stjórnámálalegri valdeflingu. Í þættinum efnahagsleg þátttaka og tækifæri er Ísland í níunda sæti með 0,806 stig. Til samanburðar er það land sem er í fyrsta sæti með 0,865 stig. Þó nokkur lönd hafa náð hámarks árangri, sem er heilt stig, þegar kemur að þættinum sem snýr

að námsárangri og er Ísland þar á meðal. Ísland er einnig í fyrsta sæti í þættinum stjórnmálaleg þátttaka með 0,709 stig og er þar með þó nokkuð forskot á Finnland sem er í öðru sæti með 0,607 stig. Í þættinum heilsa og öryggi er Ísland með 0,970 stig en er þrátt fyrir það í sæti 104. Nokkur lönd skipa fyrsta sætið með 0,980 stig og landið sem er í neðsta sæti er með 0,919 stig. Ísland virðist því vera að standa sig ágætlega í þessum málum, sérstaklega þegar litið er á það að hámarks árangur sé 1,000 stig. Frá því að Alþjóðaeftahagsráðið gaf út sína fyrstu skýrslu um kynjajafnrétti árið 2006 hefur Ísland náð því að minnka bilið á milli kynjanna um í kringum 12%. Um er að ræða einn hraðasta árangurinn á heimsvísu. Þess ber að geta að Ísland sat í fjórða sæti listans árið 2006. En þrátt fyrir þessa hröðu þróun og það að Ísland sé í fyrsta sæti listans er það tekið fram í skýrslunni, fyrir árið 2016, að enn sé töluverður launamunur á milli kynjanna. Ísland er í 11. sæti hvað varðar launajafnrétti og heildarlaun kvenna eru að meðaltali aðeins um 72% af heildarlaunum karla, samkvæmt upplýsingum ráðsins (World Economic Forum, 2016).

Árið 1961 voru samþykkt lög á Alþingi um launajöfnuð kynjanna. Með þeim voru sett markmið um að jafna launamuninn fyrir árið 1968 (Jafnréttisstofa, 2017). Markmiðinu var þó ekki náð á þeim tíma er til stóðst. Frá og með árinu 2017 er enn launamunur á milli kynjanna þrátt fyrir ýmsar lagasetningar, sem hafa haft það markmið að jafna launamuninn. Vorið 2017 var hins vegar lagt fram frumvarp um jafnlaunavottun og þar með lagt til að breytingar yrðu gerðar á lögum númer 10/2008. Jafnlaunavottun þýðir að fyrirtæki og stofnanir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði og kröfur til að öðlast vottunina. Með þessu er verið að gera tilraun til þess að koma á fót launajafnrétti á milli kynjanna og er það gert með því að styðjast við staðal sem kallast ÍST 85:2012. Talið er að þetta sé í fyrst sinn í heiminum sem svona aðferð yrði beitt og getur Ísland því orðið fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir ef vel gengur (Kristín Ástgeirsdóttir, 2017). Í júní sama ár var frumvarpið samþykkt og munu löggin öðlast gildi þann 31. desember 2018 (Velferðarráðuneytið, 2017). Í skýrslu Alþjóðaeftahagsráðsins fyrir árið 2014 komu fram spár um að launamun kynjanna yrði útrýmt árið 2095. Sú spá byggðist á þeirri þróun sem átti sér stað á þeim tíma. Aðeins ári síðar hækkaði þessi tala um 38 ár og þá kom spá um að launamun kynjanna yrði útrýmt árið 2133. Það hafði því hægt á þróuninni á milli ára (Tryggvi Páll Tryggvason, 2015). Þetta þýðir að höfundur þessarar ritgerðar mun líklega ekki upplifa það á sinni ævi að laun kvenna verði jöfn launum karla þar sem að árið 2133 yrði hún 141 árs.

Á Íslandi eru einnig til lög um kynjakvóta. Þau lög kveða á um að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn séu skyldug til þess að hafa bæði konur og karla í stjórnnum sínum. Í lögnum kemur

einnig fram að ef stjórnarmeðlimir fyrirtækis eru fleiri en þrír, megi hlutfall karla eða kvenna ekki vera undir 40%. Þessi lög voru samþykkt árið 2010 en tóku þó ekki gildi fyrr en árið 2013 (Jafnréttisstofa, 2017). Samkvæmt tölum frá Creditinfo, fyrir árið 2016, sátu konur í 24% stjórnunarsæta í litlum fyrirtækjum, í 18% stjórnunarsæta í meðalstórum fyrirtækjum og í 24% stjórnunarsæta í stórum fyrirtækjum. Árið 2014 sátu konur í 26% stjórnunarsæta í litlum fyrirtækjum, í 20% í meðalstórum fyrirtækjum og í 26% í stórum fyrirtækjum. Konum fækkaði sem sagt í stjórnnum fyrirtækja á milli ára. Svo virðist því vera að hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja sé ekki að fara vaxandi þrátt fyrir lögin um kynjakvóta. Þegar horft er til stjórnarformanna og framkvæmdastjóra er ástandið enn þá verra í meðalstórum og stórum fyrirtækjum. Árið 2016 voru 17% stjórnarformanna konur í meðalstórum fyrirtækjum og 13% í stórum fyrirtækjum. Hlutfallið var það sama árið 2014. Konur í stöðu framkvæmdastjóra voru 12% í meðalstórum fyrirtækjum árið 2016 og 9% í stórum fyrirtækjum. Hlutfallið var það sama í meðalstórum árið 2014, en í stórum fyrirtækjum var það 10%. Í litlum fyrirtækjum var hlutfallið þó skárra, bæði árið 2014 og árið 2016. Konur í stöðu framkvæmdastjóra voru 22% bæði árin, 26% stjórnarformanna árið 2016 og 25% stjórnarformanna árið 2014 (Haraldur Guðmundsson, 2017).

Þó að það verði farið nánar yfir þátttöku kvenna á Alþingi hér síðar í ritgerðinni ber að nefna að konur hafa frá og með árinu 2017 aldrei náð því að vera hlutfallslega fleiri en karlar á Alþingi. Það hefur aðeins gerst tvisvar að konur hafi verið yfir 40% þeirra einstaklinga er náðu kjöri í alþingiskosningum, fyrst árið 2009 og svo aftur árið 2016 (Alþingi, e.d.d.). Þess má geta að frá árinu 1922 til 2017 hafa samtals 155 einstaklingar gegnt embætti ráðherra. Þar af hafa aðeins verið 30 konur og hafa þær því verið um 19,4% einstaklinga sem gegnt hafa embætti ráðherra á þeim 95 árum sem konur hafa geta setið á Alþingi (Alþingi, e.d.j.).

## 2.2. STJÓRNMÁL

Gríski heimspekingurinn Aristóteles taldi það vera í eðli mannsins að vera pólitískt dýr. Hann taldi að með stjórnámum birtist innsta eðli mannglegrar tilveru og þau því óumflýjanleg. Aristóteles taldi einnig að fólk gæti aðeins sýnt sitt sanna eðli með því að taka þátt í pólitísku samfélagi. Að hans mati er þátttaka í stjórnámum á meðal þess sem aðskilur menn frá dýrum. Stjórnám er víðtæk og eru þau mikilvægur partur af tilvist mannkynsins. Ekki er hægt að finna einfalda skýringu á hugtakinu, því að það hefur tekið á sig ýmsar myndir og verið notað með ýmsum hætti (Stefán Karlsson, 2009).

Stjórnmálafræðingurinn Harold Lasswell taldi að stjórnmál snérust um spurninguna „hver fær hvað, hvenær, hvernig?“ Með þessu var hann að benda á að stjórnmál væru vettvangur baráttu um verðmæti samfélagsins og gæði lífsins. Þau eru barátta ýmissa hópa um að bæta sinn hlut og dæmi um það er barátta kvenna fyrir jafnrétti (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Skoðanaágreiningur er stór hluti af stjórnmálum ásamt því að reyna að vinna úr þeim ágreiningi með samskiptum. Ef ekki ættu sér stað ágreiningur væru stjórnmál óþörf. Í stjórnmálum koma því ólíkir hópar saman með ólíkar skoðanir og hagsmuni, málefni eru rædd og reynt að komast að samkomulagi með sameiginlegri niðurstöðu. Almenn er viðurkennt að þær niðurstöður séu bindandi fyrir hópinn og þeim fylgt eftir sem opinberri stefnu (Stefán Karlsson, 2009).

Ísland er lýðræðisríki og landsmenn hafa því rétt til að stjórna sér sjálfir. Það er gert með þjóðkjörnum fulltrúum. Ísland er einnig lýðveldi sem hefur þingbundna stjórn. Þetta þýðir að æðsti maður ríkisins er forseti sem kosinn er af þegnum og að ríkisstjórn sé ábyrg gerða sinna fyrir Alþingi (Garðar Gíslason, 2008). Á Íslandi er líka þingræði sem þýðir að ríkisstjórn geti aðeins setið með stuðningi meirihluta þings eða að þingið sé að minnsta kosti tilbúið að umbera hana. Talið er að þingið styðji ríkisstjórn á meðan vantrausti er ekki líst yfir (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Eitt höfuðeinkenni íslenskrar stjórnskipunar er þrískipting ríkisvaldsins og er meðal annars minnst á það í 2. grein stjórnarskrárinnar. Þrískipting ríkisvaldsins skiptist í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald. Handhafar löggjafarvalds eru Alþingi og forseti Íslands. Eitt helsta vald forseta þegar kemur að löggjafarvaldinu er að staðfesta eða synja lagafrumvörpum. Þegar slík frumvörp koma á borð forseta hafa þau verið samþykkt af þinginu eftir að hafa verið rædd við þrjár umræður á Alþingi. Handhafar framkvæmdavalds eru svo forseti Íslands ásamt öðrum stjórnvöldum en þau eru meðal annars ráðuneytin og sveitarfélög. Hlutverk Alþingis er svo meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu. Dómvaldið er svo í höndum dómara og eru þeir sjálfstæðir í störfum sínum (Forsætisráðuneytið, e.d.).

### **2.3. ALÞINGI ÍSLENDINGA**

Alþingi er oft talið vera elsta stofnun þjóðarinnar en þá er átt við Alþingi sem var stofnað árið 930 sem síðar var lagt niður árið 1800. Alþingi sem starfar í dag er í raun endurreist Alþingi sem var stofnað árið 1845. Deildaskipting var á Alþingi á árunum 1874 til 1991. Það skiptist í efri og neðri deild en þó voru ákveðin mál afgreidd í sameinuðu þingi. Í dag starfar Alþingi í einni málstofu. Hér á landi var kosið í fyrsta sinn til Alþingis árið 1844. Kosningarétt höfðu aðeins karlar sem uppfylltu ákveðnar kröfur og voru 25 ára og eldri. Konur hlutu þó ekki

kosningarétt fyrr en árið 1915, líkt og fram kom hér að ofan (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Nánar verður fjallað um kosningarétt kvenna í kafla þrjú. Í dag, árið 2017, hafa þó allir íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri, rétt til þess að kjósa.

Frá því að Alþingi var endurreist hefur fjöldi sitjandi þingmanna verið breytilegur. Það sama má segja um fjölda kjördæma. Árið 2017 eru þingmenn 63 talsins og hafa verið það síðan árið 1984, þeir höfðu þá verið 60 síðan árið 1959 og þar á undan 52 síðan árið 1942. Frá 1934 til 1942 voru þingmenn 49 talsins, frá 1920 voru þeir 42 en höfðu þá verið 40 síðan árið 1908. Við endurreisn Alþingis voru þingmenn aðeins 26 talsins. Þegar að Alþingi var endurreist voru kjördæmi landsins 20 talsins. Fjöldi þeirra náði hámarki árið 1908 þegar þau urðu 34 talsins. Árið 1959 var kjördæmum fækkað niður í átta en þau höfðu þá verið á bilinu 20 til 34 talsins frá upphafi. Kjördæmum var síðan fækkað niður í sex árið 2003 og varir sú skipting enn árið 2017. Sá tími sem kjörnir fulltrúar sitja á Alþingi kallast kjörtímabil og varir það yfirleitt í fjögur ár. Í lok hvers kjörtímabils er svo kosið að nýju. Sjálfst Alþingi skiptist svo í stjórn og stjórnarandstöðu. Þá sitja þeir flokkar sem mynda ríkisstjórn í stjórn og flokkar utan ríkisstjórnar eru stjórnarandstaða. Þeir flokkar sem sitja í stjórn eru yfirleitt með meirihluta kjörinna þingmanna (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007).

Fundum á Alþingi er stjórnað af forseta Alþingis. Forseti er kjörinn á fyrsta fundi hvers þings í upphafi hvers kjörtímabils og gegnir því starfi út tímabilið. Önnur hlutverk forseta Alþingis eru meðal annars að koma fram fyrir hönd Alþingis, sjá um að ákvæði stjórnarskrár séu haldin og að skipuleggja þingstörf í samstarfi við þingflokksformenn sitjandi flokka. Forseti Alþingis er svo einnig einn af handhöfum forsetavalds í fjarveru forseta Íslands. Hann deilir því valdi með forseta Hæstaréttar og forsætisráðherra (Alþingi, e.d.b.). Forseti Alþingis skipar forsætisnefnd þingsins ásamt varaforsetum en sú nefnd hefur umsjón með stjórnslu þingsins og þinghaldi (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Átta fastanefndir starfa einnig á Alþingi. Hlutverk þeirra er meðal annars að fjalla um þingmál sem koma á þeirra borð, hvort sem það eru skýrslur, þingsályktunartillögur eða frumvörp (Alþingi, e.d.c.). Kosið er í fastanefndir á fyrsta fundi hvers þings og sitja flestir þingmenn í tveimur eða þremur nefndum. Ráðherrar eiga þó ekki sæti í þessum nefndum. Þingflokkar ákveða sjálfir hverjir verða fulltrúar síns flokks í nefndum. Ráðherrar eru einnig valdir af sínum þingflokki þegar flokkurinn á í aðild að stjórnarsamstarfi (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007). Hver ráðherra starfar svo sem yfirmaður þess ráðuneytis er hann gegnir og því fylgir mikil ábyrgð. Einstaklingsbundin ábyrgð ráðherra getur annars vegar verið pólitísk eða siðferðisleg og hins vegar lagaleg. Til eru lög hér á landi sem fjalla um

lagalegu ábyrgð ráðherra. Þar kemur fram að ef ráðherra misbeittir valdi sínu, stofni heill ríkisins í hættu eða brjóti lög, þá geti Alþingi kært hann. Landsdómur myndi dæma í slíku máli, ef til þess kæmi. Ráðherra ber einn ábyrgð á því að ráðuneyti hans fylgi lögum og er lagaleg ábyrgð ráðherra því mikilvægt atriði í stjórnámálum landsins. Hvað varðar pólitíska eða siðferðislega ábyrgð ráðherra, þá er það svo að ráðherrar á Íslandi njóta mikils sjálfstæðis. Þessi ábyrgð er því ekki ríkt einkenni í íslenskum stjórnámálum. Það er þó svo að ráðherrar bera ábyrgð gagnvart umbjóðendum sínum og telst sú ábyrgð vera pólitísk eða siðferðisleg (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007).

Meðal helstu hlutverka þingsins eru fulltrúa- og umræðuhlutverk, löggjafarhlutverk og áður nefnt eftirlitshlutverk. Fulltrúa- og umræðuhlutverkið felur í sér að veita ýmsum sjónarmiðum samfélagsins rödd og tækifæri til að heyrast við afgreiðslu mála á þingi. Þingmenn eiga að vera fulltrúar þjóðarinnar og eru kjörnir eftir kjördæmum. Þeir tilheyra ákveðnum stjórnámálaflokkum en eiga þó eingöngu að vera bundnir við eigin sannfæringu. Íslenskir þingmenn hafa ýmis tækifæri til að koma málefnum á framfæri. Umræður munu eiga sér stað um þessi tilteknu málefni og er sú umræða mikilvæg. Þegar kemur að löggjafarhlutverkinu er þingið aðalhandhafi löggjafarvaldsins. Forseti landsins kemur þó einnig við sögu löggjafarverkefnisins ásamt ríkisstjórn. Mikill tími á Alþingi fer í að ræða lagafrumvörp og því er augljóst að löggjafarverkefnið sé eitt helsta verkefni þingsins. Þau lagafrumvörp sem ríkisstjórnin leggur fram á Alþingi eru nefnd stjórnarfrumvörp. Þau frumvörp eru á vegum ráðuneytanna og áður en þau eru lögð fyrir þingið þarf ríkisstjórn ásamt ríkisstjórnarflokkum að samþykkja þau. Nefndir sinna hér einnig mikilvægu hlutverki og hafa formenn nefndanna meðal annars það hlutverk að forgangsraða málum sem koma inn til þeirra. Eftirlitshlutverk þingsins felur í sér vöktun á framkvæmdavaldinu, ásamt því að veita því aðhald. Þetta er eitt mikilvægasta hlutverk þingsins. Þau tæki sem þingið hefur til að fylgjast með framkvæmdavaldinu eru til að mynda umræður, fyrirspurnir til ráðherra, beiðnir um skýrslur og starfsemi nefnda. Umræður geta verið um mikilvæg mál samfélagsins á hverjum tíma fyrir sig. Þau mál geta varðað nýjar upplýsingar eða verið vegna aukinnar umræðu um ákveðin mál í samfélaginu, svo fáein dæmi séu nefnd. Fyrirspurnirnar til ráðherra eru meðal annars lagðar fyrir á ákveðnum fyrirspurnartímum á Alþingi og getur þeim verið svarað bæði munnlega og skriflega. Þeir þingmenn sem biðja um skýrslur eru oft á tíðum í stjórnarandstöðu. Sú beiðni varðar yfirleitt málefni sem eru þingmanni mikilvæg. Stjórnarandstaðan hefur ekki sama aðgang að sérþekkingu og stjórnin, því er heimild hennar til að fá skýrslu um ákveðin málefni mikilvægur hluti af hennar starfi. Starf nefnda er síðan að taka við þeim erindum sem vísað er



til þeirra af þinginu. Fastanefndir geta þó af eigin frumkvæði einnig tekið mál til rannsóknar (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007).

## 2.4. EÐLISHYGGJA

Hugmyndina um eðlishyggju má rekja allt aftur til kenninga Aristótelesar sem í fornöld lagði grunninn að skilningi fólks á konum og körlum. Kveneðli og karleðli rekur hann til líffræðilegs kynjamismunar sem hefur verið skilgreind sem „eins-kyns kenning“. Aristóteles gekk út frá því að í raun væri bara eitt kyn, karlkyn og að frá því kæmi kvenkyn. Hann sagði kvenkyn vera frávik frá staðlinum og að staðallinn væri karlkynið. Konur voru samkvæmt Aristóteles vanskapnaður sem þó kemur við náttúrulegar aðstæður þar sem að þær eru nauðsynlegar til að viðhalda mannkyninu. Hlutverk þeirra, að mati Aristótelesar, er að hugsa um heimilið, ganga með börnin og ala þau upp. Hann segir það vera þeirra eðli og þær því ekki færar til að sinna hlutverkum utan heimilisins. Eðli karla og kvenna hefur einnig verið sett í samhengi við tvíhyggju kynjanna. Kynin hafa hvort um sig vissa eiginleika og hafa því ákveðið hlutverk sem greinir þau í sundur. Sú sundurgreining gerir það að verkum að kynin mynda andstæður sem geta af sér hugtakapör. Hugtakapör geta meðal annars verið náttúra og menning, líkami og hugur, tilfinningar og skynsemi. Konur eru þá sagðar tengjast náttúrunni og að þær geri svo í gegnum líkama sinn og tilfinningar. Karlar eru hins vegar sagðir fulltrúar menningar, hugar og skynsemi (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001b).

Aristóteles er ekki eini heimspekingurinn sem taldi eðli kynjanna skilja þau að. Rousseau og Hegel settu fram kenningar þar sem konur eru sagðar tilfinningastýrðari en karlmenn og eru skilgreindar frá náttúrulega hlutverki sínu. Þeir töldu tilfinningar kvenna geta valdið truflunum þegar kæmi að skynsemi og sögðu þær geta verið varasamar. Hegel taldi enn fremur að karlar ættu heima á opinberum vettvangi ríkisins en að konur ættu að vera heima við og sinna fjölskyldunni. Hann taldi konur ekki hæfar til að gegna ákveðnum hlutverkum og sagði til að mynda að ríki yrði í hættu ef konur myndu vera í forystu ríkisstjórnar, meðal annars sökum þess hversu miklar tilfinningaverur þær væru (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001b).

Konur eru taldar vera gæddar þeim eiginleikum að vera í eðli sínu næmari og umhyggjusamari en karlar. Þessir eiginleikar kvenna voru að mati Carol Gilligan ástæðan fyrir ólíku siðgæði karla og kvenna (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001a). Hún vildi meina að konur bæru æðri siðferðisvitund (Kristín Jónsdóttir, 2007). Í rannsókn sem Gilligan gerði á viðbrögðum stúlkna og drengja á siðferðislegu vandamáli, komu í ljós mismunandi afstöður þeirra sem hún taldi að

héldi óbreytt áfram á fullorðinsárum. Viðbrögð stúlkunnar einkenndust af næmni fyrir persónulegum tengslum og þeirri aðstöðu sem um var að ræða. Viðbrögð drengsins voru hins vegar meira út frá sjónarhóli réttlætis, með hliðsjón af skyldum og réttindum. Gilligan taldi þennan mun ekki stafa af líffræðilegum mun barnanna. Hún taldi þetta fremur styðjast við umhyggjusemi kveneðlis og réttlætislögmál karleðlis. Gilligan vildi meina að þennan mismun væri hægt að finna í mótun einstaklinga og reynslu þeirra á uppeldisárum sem koma að mótun þeirra. Þessa túlkun hennar má tengja við hugmynd Nancy Chodorow um að fyrstu þrjú ár barna séu þau sem móti kynhlutverk þeirra. Chodorow taldi samband barns og móður vera afgerandi fyrir sjálfsmynd þess. Stúlkur vildu vera eins og móðir þeirra og mótaðist sjálfsmynd þeirra því í sambandi stúlku við móður. Drengir mótast vegna aðgreiningar sinnar frá móður, þar sem móðir sá son sinn sem sína andstæðu. Sökum skoðunar Chodorow um að börn móti kjarna persónuleikans á þessum árum, telur hún að þetta muni leiða til þess að drengir eigi eftir að eiga í erfiðleikum með persónuleg tengsl. Þeir muni þó eiga auðveldara með að vera sjálfstæðir. Stúlkur ættu hins vegar að eiga auðveldara með persónuleg tengsl og erfiðara með að vera sjálfstæðar, vegna þess að sjálfsmynd þeirra sé að miklu leiti mótuð af tengslum. Þessi kenning Chodorow er þó augljóslega takmörkuð (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001a). En í stuttu máli vildi Chodorow meina að konur væru með betri tilfinningatengsl en karlar, ásamt því að vera umhyggjusamari og nærgætnari (Kristín Jónsdóttir, 2007).

Segja má að í gegnum tíðina hafi ýmist verið litið á eðlishyggju sem vin eða óvin. Hún var til að mynda notuð í baráttu gegn kosningarétti kvenna þar sem sagt var að konur gætu í eðli sínu ekki hugsað rökrétt. Sagt var að tilfinningar kvenna myndu hafa yfirhöndina þegar kæmi að því að kjósa og ekki væri hægt að treysta svona tilfinningasömu fólki (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001). Heimspekingurinn John Stuart Mill var einn þeirra sem kom með rök á móti svona gagnrýni. Hann taldi svo vera að ekki væri hægt að fá konur til að gera eitthvað sem ekki væri hluti af þeirra eðli. Svo að ef að það væri til dæmis ekki í eðli kvenna að kjósa, þá myndu þær ekki kjósa. Þar með þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að veita þeim kosningarétt, því að þær myndu ekki nýta hann ef það væri ekki í þeirra eðli. Mill vildi meina að konur myndu gera það sem þær væru færar til að gera því að það væri hluti af eðli þeirra. Þess má geta að þegar Mill var þingmaður Westminster-kjördæmis í Englandi, um miðja 19. öld, talaði hann fyrir jafnrétti kynjanna og var meðal annars hlynntur því að veita konum kosningarétt (Mill, 2003). Eðlishyggju var einnig að finna í hugmyndafræði Kvennalistans. Þar var talið að þjóðfélagið ætti að hampa eðli kvenna, umhyggjusemi þeirra og tilfinningatengslum. Áhersla var lögð á það hversu ólík konur og karlar væru og að eðlislæg gildi kvenna ættu að vera virtari í

þjóðfélaginu en áður hafði verið (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001). Fjallað verður nánar um kosningarétt kvenna og Kvennalistann síðar í ritgerðinni.

## 2.5. KYNGERVI

Kyngervi er skilgreint sem félagslegt fyrirbæri á meðan kyn er skilgreint sem líffræðilegt fyrirbæri. Í samfélaginu má finna vissar væntingar um hvað það er að vera karlkyn eða kvenkyn. Þær væntingar snúa einnig að hegðun og hlutverkum einstaklinga af hverju kyni. Kyngervi er tilkomið af þessu (Ásta Kristjana Sveinsdóttir, 2001).

Simone de Beauvoir lagði grunn að femínískum hugmyndum um samfélagslega og menningarlega mótun kyngervis með setningunni „maður fæðist ekki kona, heldur verður kona” (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 101). Þessi setning var upphafið á and-líffræðilegu viðhorfi innan femínismans og hefur í framhaldinu verið lögð fram aðgreining á kyni og kyngervi. Femínísk umræða um kynjamismun er nú byggð á þeirri aðgreiningu en sú aðgreining útilokar orsakatengsl milli kyns og kyngervis. Með því er svo komið í veg fyrir að hægt sé að réttlæta kynjamisrétti á grundvelli líffræðilegs kynjamismunar (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001c). Simone de Beauvoir vildi meina að kyngervið kona væri frekar söguleg hugmynd heldur en raunverulegur fasti og er með því að leggja áherslu á greinarmuninn á milli kyn og kyngervis. Staðreyndin að vera kvenkyns hefur samkvæmt þessu enga merkingu. Það að vera kona er að hafa orðið kona. Kyngervi er frammistaða einstaklings sem hefur það markmið að lifa af, þar sem að það getur haft refsiverðar afleiðingar að framkvæma ekki „rétt“ kyngervi. Hvorki er til kjarni né hlutlaus hugsjón sem lýsir því sem kyngervi sækist eftir, því að kyngervi er ekki fasti. Það sem skapar hugmyndina um kyngervi eru mismunandi athafnir þess og ef þessar athafnir væru ekki til staðar væri kyngervi ekki til. Þar af leiðandi er kyngervi túlkun sem á það til að fela uppruna sinn (Butler, 1988).

Þar sem að kyngervi er ekki meðfætt heldur skilgreint sem félagslegt þá gefur auga leið að kyngervis norm sé lært með samskiptum og úr menningu einstaklinga. Þetta kallast félagsmótun og eru einstaklingar að læra reglurnar og gildin um alla ævi, þar á meðal mótun kyngervis. Það er ýmislegt í samfélaginu sem kennir fólki kyngervis normið og má þar nefna menntun, trú, samfélagsmiðla, vini og vandamenn. Ásamt því að kenna þetta norm er kennt afleiðingarnar sem það getur haft í för með sér að víkja frá norminu. Sem dæmi má nefna að samfélagið samþykkir að bleikur sé stelpulitur og að blár sé strákalitur. Ef ungabarn er klætt í bleik föt gerir fólk ráð fyrir því að um stúlkubarn sé að ræða, jafnvel þó að ungabarnið sé í raun strákur (Leavy

& Trier-Bieniek, 2014). Staðreyndin er einfaldlega sú að snemma á ævinni er fólk kynnt fyrir kynhlutverki sínu (Zamfirache, 2010). Það er einnig svo að hver kynslóð fyrir sig leggur upp sinn skilning á kyngervi með því að innleiða forsendur og reglur fyrir því hvernig einstaklingar eigi að haga sér (Rees & Garnsey, 2003).

Rætur kvenleikans og karlmennskunnar er að finna í því félagslega þar sem að einstaklingar samfélagsins ákveða hvað þýðir að vera karl eða kona. Yfirleitt er það svo að karlar skilgreina sig sem karlmannlega og konur skilgreina sig sem kvenlegar því þannig er það skilgreint af samfélaginu. Þó eru til konur sem líta á sjálfa sig sem karlmannlegar og einnig eru til karlar sem líta á sig sem kvenlega (Stets & Burke, 2000). Innan kyngervis hópa er því án efa hægt að finna umtalsverðan mun. Hægt er að finna einhverja karla sem eru nærgætnari en sumar konur og það er einnig hægt að finna konur sem eru fjarlægari en karlar. Þar að auki er tjáningin á þessum mun ávallt opin fyrir breytingum. Með tímanum verður ástandið sem hefur áhrif á ímynd kyngervis fyrir breytingum og hafa þær breyst að mörgu leyti. Þær breytingar hafa þó ekki komið í staðinn fyrir þær áhrifaríku kringumstæður sem bæði konur og karlar hafa upplifað (Rees & Garnsey, 2003).

Það kemur skýrt fram í greininni *Doing Gender* eftir þau Candice West og Don Zimmerman, sem þýða má sem *Að framkvæma kyngervi*, hversu mikil áhrif kyngervi hefur á líf fólks á hverjum degi. Framkvæmd kyngervis felur í sér flókna félagslega þætti sem veita ákveðna tjáningu á eðli karlmennsku og kvenleika. Það að framkvæma kyngervi þýðir að skapa mun sem hvorki er líffræðilegur, náttúrulegur eða nauðsynlegur á milli karla og kvenna, drengja og stúlkna. Aftur á móti er þessi framkvæmd á kyngervi óumflýjanleg. Eftir að búið er að leggja út muninn er hann notaður til renna styrkum stoðum undir nauðsyn kyngervis. Með því að framkvæma kyngervi er ekki alltaf verið að lifa eftir staðlaðri hugmynd um karlmennsku og kvenleika. Kyngervi einstaklings segir ekki einfaldlega til um hvað viðkomandi er heldur hvað hann gerir og hvað hann gerir þá oft í samskiptum við aðra. Skilningurinn á því að framkvæma kyngervi er auðvitað sá að það séu einstaklingar sem framkvæmi það. Þeirri framkvæmd hefur þó verið komið fyrir af öðrum einstaklingum sem lærðu hana í sínu samfélagi. Vegna þess er því litið á kyngervi sem upprennandi þátt félagslegra aðstæðna fremur en eign einstaklinga. Litið er á það sem niðurstöðu og rök fyrir ýmsu félagslegu fyrirkomulagi ásamt því að vera leið til að réttlæta eina stærstu grundvallar skiptingu samfélagsins. Kyngervi er því sú athöfn sem notuð er til að stjórna því háttarni sem komið hefur verið fyrir er varða staðlaðar hugmyndir um viðeigandi athafnir og viðhorf til kynjanna (West & Zimmerman, 1987).

### **3. KONUR Á ALÞINGI**

#### **3.1. KOSNINGARÉTTUR KVENNA TIL ALÞINGIS**

Árið 1885 var í fyrsta skipti lagt fram frumvarp til Alþingis er varðaði kosningarétt kvenna til alþingiskosninga hér á landi. Þar var lagt til að ógiftar konur og ekkjur sem stæðu fyrir búi myndu öðlast kosningarétt. Því máli var vísað frá. Nokkrum árum síðar, eða árið 1893, samþykkti Alþingi lög um breytingu á stjórnarskrá, þar sem meðal annars átti að veita konum kjörgengi og kosningarétt en þeim breytingum var neitað af konungi. Frumvarp var aftur lagt fram árið 1901 um að heimila konum kosningarétt en það var fellt af Alþingi. Það var svo árið 1907 sem þing lagði fram frumvarp til breytinga á stjórnskipunarlögum er varða kjörgengi og kosningarétt kvenna til Alþingis. Málið náði ekki fram að ganga og sama átti við árið 1909. Það var ekki fyrr en árið 1911 sem Alþingi gerði stjórnarskrárbreytingu, en með henni átti loks að veita konum jafnan kosningarétt til Alþingis og karlar höfðu. Stjórnarskrárbreytingar fela það í sér að þær þurfa samþykki tveggja þinga. Það átti því að flytja frumvarpið aftur árið 1912 en það var ekki afgreitt. Árið 1913 var frumvarpið lagt aftur fram á Alþingi. Þó var búið að gera þær breytingar sem sögðu að konur 40 ára og eldri myndu öðlast kosningarétt. Það aldurstakmark ætti síðan að lækka árlega um eitt ár þar til aldurstakmarkið, til kosningaréttar, yrði jafnt körlum sem var 25 ára. Frumvarpið var samþykkt með þessum breytingum og þann 12. ágúst 1914 var stjórnarskrárbreytingin um kosningarétt kvenna endanlega samþykkt. Það var svo þann 19. júní 1915 sem lögin voru undirrituð af konungi og þar með staðfest að íslenskar konur, 40 ára og eldri, hlutu loks kosningarétt. Fimm árum síðar var gerð breyting á stjórnarskránni og aldurstakmark kvenna var lækkað til 25 ára. Þar með varð kosningaréttur karla og kvenna jafn (Alþingi, e.d.e.). Þess ber að geta að á árunum frá fyrsta frumvarpinu fram að löggildum kosningarétti kvenna bárust Alþingi áskoranir er varðaði jafnan rétt karla og kvenna til kosninga á Alþingi (Alþingi, e.d.a.). Vert er að minnast á tvær þessara áskoranna frá 1895 og 1907 en í báðum tilvikum var um undirskrifasöfnun að ræða. Í fyrri áskoruninni söfnuðust 2.348 undirskriftir kvenna og í seinni 11.381 en í báðum tilvikum var um að ræða konur víðs vegar um landið (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993). Hér má sjá hversu hratt áhugi kvenna um jafnrétti jókst á þessum tíma.

Fyrsta landskjör eftir að konur hlutu kjörgengi og kosningarétt átti sér stað árið 1916. Aðeins ein kona var tekin inn á framboðslista, það var hún Bríet Bjarnhéðinsdóttir sem hafði verið áberandi í réttindabaráttu kvenna hér á landi. Bríet var á lista Heimastjórnarflokksins og skipaði fjórða sæti listans. Töluverðar breytingar voru gerðar á listanum af kjósendum sem urðu til þess

að Bríet endaði í fimmta sæti á listanum. Þrátt fyrir að hafa kosningarétt til Alþingis í fyrsta skipti í sögu landsins var þátttaka kvenna í landskjöri dræm og voru aðeins 10,3% kvenna sem kusu. Heimastjórnarflokkurinn fékk þrjá menn kjörna og þegar einn þeirra lét af þingmennsku árið 1918 komst fjórði maður listans á Alþingi. Ef ekki hefðu verið gerðar breytingar á lista flokksins hefði Bríet Bjarnhéðinsdóttir hlotið þingmennsku, fyrst íslenskra kvenna (Gísli Jónsson, 1977). Konur þurftu þó aðeins að bíða í nokkur ár í viðbót til að sjá konu á Alþingi.

### **3.2. FRÁ FYRSTU ÞINGKONUNNI TIL FYRSTA KVENRÁÐHERRANS**

Það var fyrir landskjör árið 1922 sem konur létu til skarar skríða og ákváðu að bjóða fram, í fyrsta sinn, sérstakan kvemmalista til Alþingis. Bandalag kvenna stóð að þessum framboðslista og var hann skipaður af fjórum konum. Það voru þær Ingibjörg H. Bjarnason, Inga Lára Lárusdóttir, Halldóra Bjarnadóttir og Theódóra Thoroddsen, sem áttu sæti á listanum (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993). Þann 8. júlí 1922 átti sér svo stað sögulegur viðburður, Ingibjörg H. Bjarnason varð landskjörinn þingmaður og var hún þar með fyrst íslenskra kvenna til að hljóta sæti á Alþingi. Í kjölfarið settist hún á Alþingi þann 15. febrúar 1923 og sat þar til ársins 1930. Líkt og Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem nefnd var hér að ofan, hafði Ingibjörg verið áberandi í réttindabaráttu kvenna (Kristín Ástgeirsdóttir, 2012). Í kosningum árið 1922 voru fleiri konur sem nýttu sér kosningarétt sinn heldur en í kosningunum árið 1916, þetta ár kusu 32,2% kvenna (Gísli Jónsson, 1977). Þátttaka kvenna í alþingiskosningum hélt áfram að vaxa og er vert að taka það fram að hlutfallsleg þátttaka þeirra í kosningunum 1974 var 90,2% sem er hæsta hlutfallið hingað til (Hagstofa Íslands, 2015).

Á árunum 1922 til 1983 sátu samtals tólf konur á Alþingi, ýmist ein, tvær eða þrjár og voru því um 2 til 5% þingmanna. Á eftir Ingibjörgu kom Guðrún Lárusdóttir sem var landskjörin árið 1930 og sat hún á Alþingi til ársins 1938. Hún varð árið 1934 fyrsta konan til að vera kjörin á Alþingi í almennum alþingiskosningum. Engin kona sat á Alþingi frá árinu 1938 til ársins 1946, en það ár var ein kona kjörin. Árið 1949 voru í fyrsta skipti tvær konur kjörnar á Alþingi og sátu þær til ársins 1953, en í kosningunum það ár náði engin kona kjöri. Kona náði þó aftur kjöri árið 1956 og sat ein til ársins 1959 þegar að tvær konur náðu kjöri. Árið 1963 gerðist það þó aftur að aðeins ein kona náði á Alþingi og var hún ein til ársins 1971. Í kosningunum árið 1971 urðu konur í fyrsta skipti þrjár talsins á Alþingi. Ragnhildur Helgadóttir var árið 1961 kjörin forseti neðri deildar Alþingis fyrst kvenna. Því embætti gegndi hún árin 1961 til 1962 og aftur 1974 til 1978 (Alþingi, e.d.d.). Ragnhildur sat á Alþingi árin 1956 til 1963, 1971 til 1979

og 1983 til 1991. Þess má geta að Ragnhildur var einnig menntamálaráðherra 1983 til 1985 og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1985 til 1987 (Alþingi, 2016a). Hún var þó ekki fyrsta konan til að gegna ráðherraembætti. Það var Auður Auðuns, en hún gegndi embætti dóms- og kirkjumálaráðherra árið 1970 til 1971. Auður sat á Alþingi í 15 ár, frá árinu 1959 til 1974 (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993).

### 3.3. KVENNALISTINN

Árið 1983 sátu aðeins þrjár konur á Alþingi og var engin þeirra kjördæmakjörin. Á þeim tíma sátu 60 einstaklingar á Alþingi og því voru 57 karlar á móti þessum þremur konum. Stjórnmalaflokkum landsins var að mestu stjórnað af körlum sem stjórnðu sér í hag og var lítið tekið mark á konum sem fengu sjaldan að komast að. Þrátt fyrir að mikilvæg málefni kvenna væru stundum á stefnuskrá flokkanna að þá komust þau ekki oft í verk og sátu gjarnan á hakanum (Kristín Jónsdóttir, 2007).

Hópur kvenna fór að huga að sérframboði fyrir alþingiskosningarnar vorið 1983 eftir að vel gekk hjá Kvænnaframboðinu, sem var sérframboð kvenna í sveitastjórnarkosningum árið 1982. Haustið 1982 hélt Kvænnaframboðið fund þar sem hugsanlegt framboð til Alþingis var rætt og var það mál rætt á alls sjö félagsfundum. Skoðun kvænnaframboðskvenna var mismunandi í þessu máli og voru margar þeirra á móti framboði til Alþingis. Í einni skoðunarkönnun hópsins um málið kom fram að 69% væru á móti, 19% voru hlutlausar og 12% voru með framboði. Þær konur sem voru hlyntar framboði til Alþingis hættu þó ekki að huga að framboði og fóru að hittast heima hjá hver annarri. Á þeim fundum voru ýmis málefni og hugmyndir ræddar sem síðar voru notaðar í stefnuskrá mögulegs framboðs. Í byrjun febrúar 1983 bar hópurinn upp tillögu á félagsfundi Kvænnaframboðsins í Reykjavík um að samþykkt yrði framboð Kvænnaframboðsins til Alþingis um vorið. Tillagan var felld með minni mun en áður, nú voru 51% á móti, 47% með og restin tók ekki afstöðu. Þær konur sem voru hlyntar framboði til Alþingis gáfust þó ekki upp og fengu á endanum samþykki Kvænnaframboðsins til að bjóða fram til Alþingis. Það var svo í lok febrúar 1983 sem boðað var til fundar undir yfirskriftinni, *Kvænnaalisti til Alþingis*. Allar konur sem vildu bjóða sig fram til Alþingis gátu mætt á þennan fund. Það var svo þann 13. mars 1983 sem haldinn var stofnfundur á Hótel Esju þar sem Kvænnaalistinn var formlega stofnaður. Strax var hafist handa við að skipuleggja kosningabaráttu, raða á lista, afla fjár og fullmóta stefnuskrá (Kristín Jónsdóttir, 2007).

Nú er ljóst að íslenskir stjórnmálaflokkar hvorki hlusta á konur né vilja konur inn á [A]lþingi og þeir sinna ekki baráttumálum kvenna. Til þess að breyta því er aðeins eitt ráð, að konur standi saman og bjóði fram einar og sér til [A]lþingis (Kvennalistinn, 1983, bls. 2).

Þessar setningar er að finna í stefnuskrá Kvennalistans frá árinu 1983 en þar er einnig talað um að konur hafi margt fram að færa til að betrubæta samfélagið (Kvennalistinn, 1983). Kvennalistinn byggði á sömu hugmyndafræði og Kvennaframboðið. Á svipuðum tíma og þessi kvennaframboð voru stofnuð setti Carol Gilligan fram kenningu sína um æðri siðferðisvitund kvenna. Svipuð kenning var sett fram af Nancy Chodorow sem sagði konur nærgætnari, umhyggjusamari og hafa betri tilfinningatengsl en karlar. Við stofnun Kvennaframboðsins var settur fram hugmyndafræðigrundvöll en þar tala konurnar meðal annars um að hlutverk kvenna hafi ávalt verið að annast börn sín og heimili. Þær vildu meina að reynsla þeirra og þekking, sem erfst hefur frá kynslóð til kynslóðar, gætu nýst samfélaginu. Þær töldu einnig að meta ætti reynsluheim þeirra jafn mikið og viðhorf karla því að reynsluna væri hægt að nota sem stefnumótandi afl í samfélagið. „Þá fyrst [gætu] konur og karlar unnið saman, að karlar viðurkenni og tileinki sér þennan reynsluheim, á sama hátt og konur tileinki sér það besta og lífvænlegasta af viðhorfum karla“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 56).

Í kosningunum vorið 1983 bauð Kvennalistinn sig fram í þremur kjördæmum, Norðurlandi eystra, Reykjanesi og Reykjavík. Nöfn framboðenda, hjúskaparstaða, atvinna, menntun og fjöldi barna komu fram á framboðslistum listans. Þetta var gert til að sýna fram á að um væri að ræða venjulegar konur sem hefðu ábyrgð, bæði heima við og jafnvel utan heimilis. Með tilkomu Kvennalistans brugðust aðrir flokkar við með því að fjölga konum á framboðslistum sínum. Það var þó ýmislegt gert til að hindra að Kvennalistinn næði til kjósenda. Þar má nefna að þeim var meinað að hafa fulltrúa í hringborðsumræðum í sjónvarpssal kvöldið fyrir kosningar. Tími þeirra í framboðskynningu í sjónvarpi var einnig hafður styttri en hjá öðrum flokkum. Þetta virtist þó ekki hafa haft mikil áhrif á velgengni Kvennalistans í alþingiskosningunum. Framboðið hlaut 5,5% atkvæða á landsvísu og fékk því þrjá fulltrúa inn á Alþingi. Sex aðrar konur hlutu þingsæti í þessum kosningum, tvær fyrir Bandalag jafnaðarmanna, ein fyrir Alþýðubandalagið, tvær fyrir Sjálfstæðisflokkinn og ein fyrir Alþýðuflokkinn. Konur á Alþingi voru því orðnar níu talsins og hlutfall þeirra hækkaði úr 5% í 15%. Eftir þessar kosningar hlaut kona ráðherraembætti í fyrsta sinn síðan árið 1971, en það var Ragnhildur Helgadóttir sem minnst var á hér að ofan (Kristín Jónsdóttir, 2007). Kona var einnig kjörin forseti efri deildar en það var Salome Þorkelsdóttir sem gegndi því embætti frá 1983 til 1987. Árið 1991 varð hún svo forseti sameinaðs þings og eftir að deildaskiptingin var



afnumin árið 1991 varð hún fyrsti forseti Alþingis. Hún gegndi því embætti frá 1991 til 1995 (Alþingi, e.d.d.).

Fljótlega eftir að hafa tekið sæti á Alþingi fóru kjörnir fulltrúar Kvinnalistsans að kalla sig þingkonur í stað þingmanna og var því tekið misvel af öðrum þingmönnum. Auk þessa opnuðu þingkonur Kvinnalistsans fyrir umræður ýmissa mála sem ekki höfðu áður verið rædd af fullri alvöru inni á Alþingi. Þau mál voru meðal annars ofbeldi gegn konum og börnum, kynferðislegt ofbeldi, nauðgunarmál og fleiri ofbeldismál. Þess má geta að fyrsta þingmál Kvinnalistsans, sem hlaut samþykki vorið 1984, var þingsályktunartillaga um könnun á rannsókn og meðferð nauðgunarmála. Fyrir þingsetu kvinnalistasakvenna höfðu nauðgunarmál aldrei komist á dagskrá á Alþingi. Samþykkt tillögunnar hafði það í för með sér að skipuð var nefnd sem átti að vinna að þessum málum. Ein tillaga nefndarinnar var að stofna neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisafbrotá og árið 1993 var opnuð Neyðarmóttaka á Slysadeild Borgarspítala. Kvinnalistasakonur vilja margar meina að þessi þingsályktunartillaga og árangurinn sem því fylgdi sé eitt merkasta þingmál Kvinnalistsans. Á kjörtímabilinu 1983 til 1987 voru fimm aðrar þingsályktunartillögur samþykktar en þær tengdust leit að brjóstakrabbameini, fræðslu um kynferðismál, aukningu kennslugagna, úrbótum í ferðaþjónustu og mati á heimilisstörfum til starfsreynslu. Samtals voru því samþykktar sex þingsályktunartillögur Kvinnalistsans en alls fluttu þær 40 tillögur. Á kjörtímabilinu voru einnig flutt 11 frumvörp sem þó voru ekki öll afgreidd og komu þingkonur Kvinnalistsans með 80 fyrirspurnir í tengslum við ýmis málefni. Þrátt fyrir að hafa ekki komið öllum sínum málum áfram eða ekki fengið samþykki þá fóru áherslumál kvenna að aukast í umræðu samfélagsins. Þó að ákveðin mál hafi ekki verið afgreidd á þessu kjörtímabili var ekki þar með sagt að þau hafi ekki verið samþykkt síðar (Kristín Jónsdóttir, 2007).

Þegar kom að því að ákveða hvort Kvinnalistsinn ætti að bjóða sig fram til Alþingis í kosningunum 1987 var mikil samstaða um að svo ætti að vera og var nú boðið fram í öllum kjördæmum landsins. Úrslit kosninganna urðu þau að Kvinnalistsinn hlaut 10,1% atkvæða sem gerði sex þingsæti og tvöfaldaði hann því fylgi sitt. Í kosningunum hlutu sjö aðrar konur einnig þingsæti, tvær fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðubandalagið og ein fyrir Framsóknarflokkinn, Alþýðuflokkinn og Borgaraflokkinn. Nú sátu því þrettán konur á Alþingi og hækkaði hlutfall þeirra úr 15% í um 21%. Áhugi var meðal kvinnalistasakvenna um að fara í ríkisstjórn og var strax eftir kosningar hafist handa við að undirbúa mögulegar stjórnarmyndunarviðræður. Þegar að formaður Sjálfstæðisflokksins fékk umboð til stjórnarmyndunar boðaði hann til sín

Kvennalistann og Alþýðuflokkinn. Í viðræðunum gerðu kvennalistakonur sér grein fyrir því að málamiðlanir yrðu að eiga sér stað. Ýmis málefni voru endurskoðuð en það mál sem þær stóðu sem fastast á var að vilja jafna launamun kynjanna. Þetta hafði verið baráttumál bæði Kvennaframboðsins og síðar Kvennalistans. Segja má að stjórnarmyndunarviðræðurnar hafi slitnað sökum þess að Kvennalistinn hafi ekki viljað gera málamiðlun þegar kom að málefnum um jafnan launamun kynjanna (Kristín Jónsdóttir, 2007). Einhverjar breytingar áttu sér stað á kjörtímabilinu sem urðu til þess að árið 1989 sátu 14 konur á Alþingi og í lok tímabilsins voru þær orðnar 15, sem var um 24%. Árið 1988 var Guðrún Helgadóttir kjörin forseti sameinaðs Alþingi. Hún gegndi því hlutverki til 1991 og var fyrsta konan til að gegna hlutverki fyrirvarsmanns Alþingis (Alþingi, e.d.d.). Á þessu kjörtímabili sat ein kona í ríkisstjórn, það var Jóhanna Sigurðardóttir sem gegndi embætti Félagsmálaráðherra frá árinu 1987 til 1994 (Alþingi, e.d.g.).

Árið 1991 var aftur komið að alþingiskosningum og bauð Kvennalistinn fram í öllum kjördæmum líkt og gert var árið 1987. Úrslit kosninganna leiddu í ljós að Kvennalistinn missti fylgi og hlaut 8,3% atkvæða sem skilaði fimm konum þingsæti. Í þessum kosningum voru 15 konur kjörnar á þing sem gerir um 24% þingmanna (Kristín Jónsdóttir, 2007). Líkt og á kjörtímabilinu 1987 til 1991 áttu sér stað einhverjar breytingar á Alþingi. Þær urðu til þess að frá árinu 1993 til loka kjörtímabilsins árið 1995 sátu 16 konur á Alþingi sem var þá 25,4% þingmanna (Alþingi, e.d.d.). Eins og kom fram hér að ofan gegndi Jóhanna Sigurðardóttir embætti Félagsmálaráðherra til 1994 en þá tók Rannveig Guðmundsdóttir við af henni og gegndi embættinu út kjörtímabilið (Alþingi, e.d.g.). Með lækkandi fylgi vildu sumir meina að tími Kvennalistans væri liðin. Ástæðan fyrir því var til að mynda sú að konum hafði fjölgað á listum annarra flokka ásamt því að þeir tóku upp stefnumál Kvennalistans. Hugmyndafræðilegur ágreiningur fór að eiga sér stað innan Kvennalistans þegar fór að líða undir loka níunda áratugarins. Sá ágreiningur var meðal annars vegna þess að sumar konur töldu „[...] að áherslan væri orðin of mikil á kvenleg siðferðisgildi og að konur hefðu sterkari siðferðisvitund en karlar. [...] beindist gagnrýnin [einnig] að því að of mikil áhersla væri lögð á mæðrahyggju sem hefti frelsi kvenna og staðfesti staðalímyndir“ (Kristín Jónsdóttir, 2007, bls. 219).

Fyrir alþingiskosningarnar 1995 stofnaði Jóhanna Sigurðardóttir nýjan flokk sem nefndist Þjóðvaki. Flokkurinn bauð fram lista um allt land og voru konur ofarlega á mörgum þeirra. Þetta gaf til kynna að erfitt gæti reynst fyrir Kvennalistann að halda þingsætum sínum.

Kosningaundirbúningur Kvinnalistans einkenndist af áhugaleysi og kraftleysi sem tengja má við fyrrnefndan ágreining innan hópsins. Eftir að úrslit kosninganna urðu ljós var ljóst að Kvinnalistinn hafi misst talsvert af fylgi sínu og fékk tæplega 5% atkvæða. Þetta veitti þremur konum þingsæti fyrir Kvinnalistann en alls hlutu 16 konu sæti á Alþingi og konur því um 25% þingmanna. Þegar hér var komið treystu þingmenn sér ekki til að mynda ríkisstjórn nema að hafa kvenráðherra. Það fékk þó aðeins ein kona sæti í ríkisstjórn en það var Ingibjörg Pálmadóttir sem hlaut embætti heilbrigðisráðherra (Kristín Jónsdóttir, 2007). Árið 1995 varð þátttaka kvenna í alþingiskosningum í fyrsta sinn hlutfallslega hærri en þátttaka karla. Þá kusu 87,5% kvenna og 87,3% karla (Hagstofa Íslands, 2015). Breytingar áttu sér stað á þessu kjörtímabilinu líkt og áður hafði gerst. Konum fjölgaði um eina árið 1996 og svo aftur um eina árið 1998. Sú kona lést sama ár og hún settist á þing. Fjöldi kvenna á þingi árið 1998 var því 17 en í lok kjörtímabilsins hafði þeim fjölgað um tvær í viðbót og þær því orðnar 19 talsins. Þetta var í fyrsta sinn sem konur voru yfir 30% þingmanna (Alþingi, e.d.d.). Ýmislegt gerðist á þessu kjörtímabili. Kona var í fyrsta sinn kjörin formaður stjórnmalaflokks beggja kynja haustið 1995, það var hún Margrét Frímannsdóttir sem varð formaður Alþýðubandalagsins (Konur og stjórnmal, e.d.). Viðræður fóru einnig af stað hjá hópum innan flokka á vinstri vængnum um að sameinast og stofna nýjan flokk. Hér var um að ræða hópa sem meðal annars voru innan Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Kvinnalistans. Mikið ósamræmi var meðal kvinnalistakvenna um þessar viðræður sem varð til þess að Kvinnalistinn klofnaði. Árið 1999, á 17. landsfundi Kvinnalistans, var samþykkt aðild að framboði Samfylkingarinnar ásamt öðrum samstarfsaðilum. Þó að Kvinnalistinn hafi aldrei formlega verið lagður af hafa endalok hans verði tengd við þetta samþykki (Kristín Jónsdóttir, 2007).

Kvinnalistinn lifði þó innan Samfylkingarinnar og hlutu tvær kvinnalistakonur þingsæti í alþingiskosningunum árið 1999 en nú sem þingmenn Samfylkingarinnar. Í kosningunum árið 1999 voru 22 konur kjörnar á Alþingi og skipuðu því um 35% þingsæta. Samfylkingin hlaut 17 þingsæti og af þeim voru níu skipuð konum. Þingmenn Samfylkingarinnar voru því 53% konur og var enginn annar flokkur nálægt kynjahlutfalli nýja flokksins (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1999). Í ríkisstjórn sem skipuð var eftir kosninganna var í fyrsta skipti í sögunni fleiri en einn kvenráðherra. Þegar ríkisstjórn var skipuð í maí 1999 hlutu þrjár konur embætti ráðherra. Þær Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Sólveig Pétursdóttir dóms- og kirkjumálaráðherra. Valgerður Sverrisdóttir tók við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra 31. desember 1999 og kvenráðherrar voru þá fjórir talsins. Í apríl 2001 sagði Ingibjörg af sér sem ráðherra og

kvenráðherrar urðu því aftur þrír talsins (Forsætisráðuneytið, 1999). Fleiri breytingar áttu sér stað á kjörtímabilinu sem urðu til þess að frá 2001 og þar til að tímabilinu lauk, sátu 23 konur á Alþingi. Konur voru þá 36,5% þingmanna (Alþingi, e.d.d.).

Margir hafa sagt að Kvennalistinn hafi með tilkomu sinni haft áhrif á fjölgun kvenna á Alþingi, bæði með því að styrkja stöðu þeirra innan stjórnsmálaflókka og með sjálfum þingkonum Kvennalistans (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1999).

### 3.4. 21. ÖLDIN

Hlutfall kvenna á Alþingi lækkaði eftir alþingiskosningarnar 2003 og var það í fyrsta sinn síðan að Kvennalistinn bauð sig fram fyrst árið 1983 sem að lækkingun átti sér stað. Alls hlutu 19 konur þingsæti sem gerir 30% (Kristín Jónsdóttir, 2007). Þrátt fyrir þessa fækkun kvenna á Alþingi héldu þær enn fleiri en einu sæti í ríkisstjórn. Á kjörtímabilinu 2003 til 2007 sátu tvær til fjórar konur í ríkisstjórn (Alþingi, e.d.g.). Í lok kjörtímabilsins var fjöldi kvenna á Alþingi þó orðin sá sami og í lok síðasta tímabils, það er 23 konur eða 36,5% þingmanna. Ein kona bættist við árið 2004, tvær árið 2005 og tvær árið 2006 ásamt því að ein hafði sagt af sér þingmennsku árið 2005 (Alþingi, e.d.d.). Ásamt því að hafa konur í ríkisstjórn var Sólveig Pétursdóttir kjörin forseti Alþingis árið 2005 og gegndi því embætti til 2007 (Alþingi, e.d.f.). Eftir alþingiskosningarnar 2007 breyttist staða kvenna á Alþingi lítið. Kjörnar voru 20 konur sem tóku 31,7% þingsæta. Þrjár konur tóku þó einnig sæti á meðan á tímabilinu stóð, ein árið 2007 og tvær árið 2008. Hlutfall kvenna var því komið aftur í 36,5% í lok tímabilsins (Alþingi, e.d.d.). Frá 2007 til 2009 sátu enn á ný fjórar konur í ríkisstjórn (Alþingi, e.d.g.).

Í kjölfar bankahrunsins, haustið 2008, áttu sér stað reglulegir mótmælafundir. Þar lýsti fólk meðal annars óánægju sinni og létu í ljós ósætti sitt í garð stjórnvalda. Frá degi til dags óx þrýstingur um stjórnarskipti og má segja að sá þrýstingur hafi náð hámarki í mótmælunum sem áttu sér stað í janúar 2009. Þann 26. janúar tilkynnti Geir H. Haarde þáverandi forsætisráðherra að ríkisstjórnarsamstarfi væri slitið og 1. febrúar tók við minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, undir stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur (Björn Jón Bragason, 2015). Þetta var í fyrsta sinn í sögu Íslands sem að kona gegndi embætti forsætisráðherra. Áður hafði Jóhanna gegnt embætti félagsmálaráðherra á árunum 1987 til 1994 og 2007 til 2008. Hún hafði einnig gegnt embætti félags- og tryggingamálaráðherra frá 2008 til 2009 og hafði setið á þingi frá árinu 1978 (Alþingi, 2016b). Minnihlutastjórn Jóhönnu sat til 10. maí 2009. Á þessum tíma voru tíu ráðherrar, þar af fimm konur. Þetta var því í fyrsta sinn sem jafnt kynjahlutfall var í

ríkisstjórn landsins (Forsætisráðuneytið, 2009a). Alþingiskosningar áttu sér svo stað í apríl 2009. Í þeim fékk Samfylkingin 20 kjörna þingmenn og Vinstri grænir 14. Minnihlutastjórnin var því komin með meirihluta eða 34 þingmenn (Björn Jón Bragason, 2015). Í þessum kosningum hlutu 27 konur þingsæti sem gerir 42,9% en á kjörtímabilinu sögðu tvær af sér þingmennskunni, önnur árið 2010 og hin árið 2011. Þær voru því 39,7% í lok tímabilsins (Alþingi, e.d.d.). Embætti forseta Alþingis var skipað af konu kjörtímabilið 2009 til 2013 og var það í fimmta sinn sem kona gegndi því embætti (Alþingi, e.d.f.). Þó nokkrar breytingar áttu sér stað á ráðherraembættum í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Samtals voru sjö konur og átta karlar í henni á kjörtímabilinu. Ríkisstjórnin skipaði tólf ráðherra í upphafi tímabilsins en voru embættin orðin átta í lok þess. Á kjörtímabilinu var kynjahlutfall fremur jafnt innan ríkisstjórnarinnar og konur voru ýmist tveimur færri en karlar, jafn margar þeim eða einni fleiri (Forsætisráðuneytið, 2009b).

Konum á Alþingi fækkaði lítillega eftir kosningarnar 2013 þegar 25 konur hlutu þingsæti eða 39,7%. Hins vegar fjölgaði þeim á kjörtímabilinu þegar að ein tók sæti árið 2014 og þrjár árið 2015. Þær voru því 29 talsins í lok kjörtímabilsins og urðu 46% sitjandi þingmanna (Alþingi, e.d.d.). Frá því í maí 2013 og þangað til í apríl 2016 sátu samtals þrjár til fjórar konur í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (Stjórnarráð Íslands, 2013). Það var síðan vorið 2016 sem fréttir fóru að berast af hinum svokölluðu Panamaskjöl, en þau eru stærsti gagnaleki sögunnar. Í gögnunum má meðal annars finna upplýsingar um hvar efnaðir einstaklingar hafa komið fé sínu fyrir í þekktum skattaskjólum um allan heim. Það kom í ljós að íslenskir stjórnmalaleiðtogar tengdust aflandsfélögum og var einn af þeim Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þáverandi forsætisráðherra. Tengsl hans við Panamaskjölin urðu hluti af umfjöllun fjölmiðla á málinu um allan heim og í kjölfarið sagði hann af sér sem forsætisráðherra (Kjarninn, 2016). Eftir afsögn Sigmundar tók Sigurður Ingi Jóhannsson við embætti forsætisráðherra og nýr kvenráðherra tók til starfa sem utanríkisráðherra. Það varð til þess að konur gegndu fimm af tíu ráðherraembættum og því jafnt kynjahlutfall á ný í ríkisstjórn landsins (Nanna Elísa Jakobsdóttir, 2016). Til að koma á móts við óánægju sem kraumaði í samfélaginu var enn fremur ákveðið að boða til kosninga haustið 2016 (Freyr Gígja Gunnarsson, 2016).

Þann 29. október 2016 átti sér stað sögulegur viðburður þegar að 30 konur voru kjörnar á Alþingi. Þetta gerir 47,6% þingsæta og hæsta hlutfall kvenna á Alþingi til þessa (Alþingi, e.d.d.). Þess ber að geta að ef kynjahlutfall hefði verið jafnara innan Sjálfstæðisflokksins hefðu konur líklega orðið í meirihluta á Alþingi í fyrsta sinn í sögu þingsins. Konur voru aðeins

Þriðjungur kjörinna þingmanna Sjálfstæðisflokksins en í öllum öðrum þingflokkum var kynjahlutfallið nokkuð jafnara. Stór ástæða fyrir lélegra kynjahlutfalli meðal fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er sú að mun fleiri karlar heldur en konur voru ofarlega á listum kjördæmanna og má meðal annars nefna að það var aðeins ein kona í oddvitasæti hjá flokknum (Þórunn Elísabet Bogadóttir, 2016). Þátttaka kvenna í kosningunum 2016 var 79,5% á meðan að þátttaka karla var 78,8%. Konur hafa því frá árinu 1995 ávallt tekið hlutfallslega meiri þátt í alþingiskosningum þó svo að munurinn sé ekki alltaf mikill. Mesti munurinn var árið 2009 þegar að 85,8% kvenna nýttu kosningarrétt sinn á móti 84,5% karla, það tóku því 1,3% fleiri konur þátt en karlar. Vert er að minnast á að kosningaþátttaka á landsvísi árið 2016 var 79,2% og hafði hún ekki verið lægri síðan árið 1933 (Hagstofa Íslands, 2016). Það tók nýkjörna stjórnmalaflokka dágóðan tíma að mynda ríkisstjórn eftir þessar kosningarnar. Það náðist þó að lokum í janúar 2017 eða þremur mánuðum eftir að kosningarnar áttu sér stað. Ríkisstjórnin samanstóð af ellefu ráðherrum og þar af voru fjórar konur. Á meðal þeirra var Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir en hún varð yngsti kvenráðherra sögunnar þegar hún tók við embætti sínu aðeins 29 ára gömul. Embætti forseta Alþingis hlaut Unnur Brá Konráðsdóttir (Ritstjórn Kvennablaðsins, 2017). Eftir aðeins átta mánaða samstarf slitnaði ríkisstjórnarsamstarfið aðfaranótt 15. september 2017. Stjórn Bjartrar framtíðar ákvað að slíta samstarfinu við Viðreisn og Sjálfstæðisflokkinn (Sunna Kristín Hilmarsdóttir, 2017a). Upphaf málsins sem leiddi til stjórnarslita má rekja til september 2016 þegar að tveir dæmdir barnaníðingar hlutu uppreist æru. Daginn fyrir ríkisstjórnarslitin, haustið 2017, bárust fréttir um að Sigríður Andersen dómsmálaráðherra hafi vitað það síðan í júlí að faðir forsætisráðherra hafi skrifað undir meðmælabréf, um uppreist æru, fyrir annan af þessum dæmdu barnaníðingum. Þá kom einnig í ljós að dómsmálaráðherra hafi upplýst Bjarna Benediktsson forsætisráðherra um þetta mál, sama dag og hún komst að því. Hinir tveir ríkisstjórnarflokkarnir heyrðu það fyrst í fréttum að starfandi forsætisráðherra hafi vitað af málinu síðan í júlí. Í kjölfarið fundaði stjórn Bjartrar framtíðar og tók sameiginlega ákvörðun um að slíta stjórnarsamstarfi sökum trúnaðarbrests. Mikil læti voru búin að vera í samfélaginu á þessum tíma hvað varðar uppreista æru dæmdra barnaníðinga (Alma Ómarsdóttir, 2017). Í kjölfarið á stjórnarslitunum fór af stað atburðarrás sem leiddi til þess að forsætisráðherra baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Þremur dögum eftir að stjórnarsamstarfi var slitið tilkynnti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, að hann hafi fallist á tillögu forsætisráðherra um þingrof og að þing yrði rofið 28. október 2017. Ákveðið var enn fremur að gengið yrði aftur til kosninga sama dag (Sunna Kristín Hilmarsdóttir, 2017b).

### 3.5. ALÞINGISKOSNINGARNAR ÁRIÐ 2017

Níu stjórn mála flokkar buðu sig fram í öllum sex kjördæmum landsins fyrir alþingiskosningarnar árið 2017. Af þessum níu flokkum voru þrír aðeins með eina konu í oddvitasæti, á móti fimm körlum. Sömu þrír flokkar voru með meira en helmingi færri konur í þremur efstu sætum kjördæmalista sinna. Þessir flokkar voru Sjálfstæðisflokkurinn, Miðflokkurinn og Flokkur Fólksins. Framsóknarflokkurinn, Píratar og Samfylkingin voru allir með tvær konur í oddvitasæti á móti fjórum körlum, Viðreisn var með þrjár konur og þrjá karla og voru bæði Vinstri grænir og Björt framtíð með fjórar konur á móti tveimur körlum. Í þremur efstu sætum Viðreisnar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar voru konur því helmingur frambjóðenda eða fleiri. Heilt á litið voru samtals 20 konur í oddvitasætum á móti 34 sætum karla en í þremur efstu sætum var kynjahlutfall jafnt, 81 kona og 81 karl (Kvenréttindafélag Íslands, 2017). Ef annað og þriðja sæti er skoðað nánar kemur í ljós að í öðru sæti á listunum voru konur 32 á móti 22 körlum og að í þriðja sæti voru 29 konur á móti 25 körlum. Alls voru 1.234 frambjóðendur á listum þessara níu flokka og voru þar af 56% karlar og 44% konur. Þrátt fyrir að færri konur hafi verið á listum flokkanna var hlutfall þeirra í fimm efstu sætum 54% en hlutfall þeirra í oddvitasæti var þó aðeins 37% (Kjarninn, 2017). Kosningarnar áttu sér stað laugardaginn 28. október 2017 og var kjörsókn 81,2% á landsvísu. Úrslit kosninganna voru þau að Sjálfstæðisflokkurinn hlaut sextán þingmenn, Vinstri grænir ellefu, Samfylkingin sjö, Miðflokkurinn sjö, Framsóknarflokkurinn átta, Píratar sex, Flokkur Fólksins fjóra og Viðreisn fjóra. Aðrir flokkar náðu ekki kjöri. Hlutfall kvenna er hlutu sæti á Alþingi var breytilegt milli flokka. Konur voru í meirihluta þingmanna Framsóknarflokksins og Vinstri grænna, jafnt kynjahlutfall var hjá Viðreisn og voru konur í minnihluta hjá hinum fimm flokkunum. Þingsæti hvers flokks ásamt hlutfalli kvenna má sjá nánar í Töflu 1 (Morgunblaðið, 2017a).

Tafla 1. Úrslit alþingiskosninga 2017

Flokkur	Þingsæti	Þingkonur	Þingmenn	Hlutfall kvenna
Sjálfstæðisflokkurinn	16	4	12	25,0%
Vinstri grænir	11	6	5	54,5%
Samfylkingin	7	3	4	42,9%
Miðflokkurinn	7	1	6	14,3%
Framsóknarflokkurinn	8	5	3	62,5%
Píratar	6	2	4	33,3%
Flokkur Fólksins	4	1	3	25,0%
Viðreisn	4	2	2	50,0%
<b>Samtals</b>	<b>63</b>	<b>24</b>	<b>39</b>	

Líkt og sjá má í Töflu 1 hlutu aðeins 24 konur kjör til Alþingis, þeim fækkaði því um sex frá því í kosningunum 2016 og eru 38,1% þingmanna. Konur hafa ekki hlotið svona fá þingsæti síðan árið 2007. Það ár voru 20 konur kjörnar á þing (Sylvía Rut Sigfúsdóttir, 2017). Í töflunni má líka sjá að einn flokkanna er með afgerandi minna hlutfall kvenna. Aðeins einn af sjö þingmönnum Miðflokksins er kona og hlutfallið því aðeins 14,3%. Hlutfall Sjálfstæðisflokksins og Flokk Fólksins er einnig frekar lágt eða 25% í hvorum flokki. Einhverjir hafa sagt að ástæðan á bakvið fækkun kvenna á Alþingi megi rekja til þessara þriggja flokka sökum þess að hlutfall karla sé hærra en kvenna í forystusætum þeirra. Daginn eftir kosningarnar lét formaður Miðflokksins þau orð falla, að hann teldi konur vera að forðast stjórnámál vegna „persónulegs niðs“. Hann er með þeim orðum að vísa í umræður samfélagsins um stjórnámál á Íslandi og gaf til kynna að konur væru að forðast það að taka að sér ábyrgðarstöður í stjórnámálum vegna þeirrar umræðu. Hann telur að stjórnámál séu ekki freistandi starfsvettvangur fyrir konur, sökum þess að þau líti ekki vel út. Þessi orð hans hafa verið gagnrýnd af stjórnámálakonum og vilja þær meina að ekki sé verið að forðast ábyrgðarstöður. Þær telja að konur séu ekki að fá næg tækifæri til að gegna þessum stöðum (Stundin, 2017).

Af þeim 24 konum er náðu kjöri í kosningunum árið 2017 eru fimm að setjast inn á þing í fyrsta sinn. Þar með hafa samtals 115 konur setið sem aðalmenn á Alþingi frá árinu 1922 (Alþingi, e.d.i.). Á sama tíma hafa 428 karlar setið sem aðalmenn á Alþingi (Alþingi, e.d.h.). Á þessum 95 árum hafa því 543 einstaklingar setið á Alþingi sem aðalmenn og hlutfall kvenna á þessu tímabili er því í kringum 21,2%.

Í kjölfar úrslita alþingiskosninganna boðaði Sóley Tómasdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Vinstri grænna, til fundar á Hótel Sögu kvöldið 30. október 2017. Á fundinum átti að ræða möguleikann á að stofna nýtt kvennaframboð (Vísir, 2017a). Sóley nefnir á Facebook-síðu viðburðarins að bakslag hafi orðið í jafnréttismálum með þessum úrslitum þrátt fyrir kröfur kvenna um breytt samfélag og þrátt fyrir aðdragandann að ríkisstjórnarslitum. Í viðtali sem tekið var við Sóley á fundinum segir hún meðal annars að kvennaframboð sé einn af mörgum möguleikum því að núverandi staða sé ekki viðunandi. Á annað hundrað konur mættu á fundinn og sagði Sóley að þeim væri fyrst og fremst misboðið. Það væri ýmislegt sem þyrfti að breyta og að flokkar landsins yrðu „að taka femínisma alvarlega ef við ætlum að breyta einhverju í þessu samfélagi“ (Valgeir Örn Ragnarsson, 2017). Í öðru viðtali við Sóleyju segir hún frá því að ákveðið hafi verið á fundinum á Hótel Sögu að hópurnir myndi aftur koma saman. Þá yrði farið í málefnavinnu og séð hvað kæmi út úr henni. Hún tekur það fram að konur séu alveg til



í að taka þátt í stjórnámálum ef vettvangur er til þess. Þær vilja þó ekki vera uppfylliefni til að láta listana líta betur út (Morgunblaðið, 2017b). Mánuði eftir að fundurinn var haldin á Hótel Sögu er ekki að finna frekari upplýsingar um framgang nýs kvennaframboðs í fjölmiðlum.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, boðaði formann Vinstri grænna, Katrínu Jakobsdóttir á fund 2. nóvember 2017. Hann boðaði þann fund í ljósi þess að leiðtogar Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Pírata og Framsóknarflokksins væru tilbúin til að vinna saman að mögulegri ríkisstjórnarmyndun. Á fundinum veitti hann henni umboð til stjórnarmyndunar (Morgunblaðið, 2017c). Formlegar stjórnarmyndunarviðræður þessara flokka stóðu stutt yfir og var slitið 6. nóvember 2017. Ástæðan fyrir slitunum var sú að Framsóknarflokkurinn taldi meirihluta flokkana fjögurra of tæpan en þeir voru saman aðeins með eins manns meirihluta (Milla Ósk Magnúsdóttir, 2017). Síðar sama dag fór Katrín Jakobsdóttir á fund forseta Íslands þar sem að hún skilaði stjórnarmyndunarumboðinu (Morgunblaðið, 2017d).

Viku síðar hófust formlegar stjórnarmyndunarviðræður á milli Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna (Matthías Tryggvi Haraldsson, 2017). Ef lítið er aftur á Töflu 1 má sjá að flokkarnir þrír hafa samtals 35 þingsæti, þar af eru 15 konur og 20 karlar. Viðræður milli þessara flokka áttu sér stað í rúmar tvær vikur. Þann 28. nóvember 2017 hlaut Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, stjórnarmyndunarumboð til að mynda ríkisstjórn með Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum. Katrín hlaut umboðið sökum þess að í stjórnarsáttmála flokkanna er fyrirhugað að hún verði forsætisráðherra nýrrar ríkisstjórnar (Jón Pétur Jónsson, 2017). Að morgni 30. nóvember 2017 var stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Vinstri grænna kynntur og undirritaður af formönnum flokkanna. Upplýst var einnig um skiptingu ráðuneyta. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut fimm ráðuneyti, Framsóknarflokkurinn hlaut þrjú og Vinstri grænir þrjú, ásamt því að Vinstri grænir hlutu embætti forseta Alþingis. Í nýrri ríkisstjórn sitja því 11 ráðherrar, sex karlar og fimm konur. Kynjahlutfall ríkisstjórnarinnar er því nokkuð jafnt eða um 45% konur á móti um 55% karla. Þennan dag áttu sér svo stað tveir fundir á Bessastöðum með forseta Íslands. Á fyrri fundinum lét fráfarandi ríkisstjórn formlega af störfum. Á síðari fundinum skipaði forseti Íslands formlega nýja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Vinstri grænna. Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók við völdum og varð Katrín þar með forsætisráðherra. Hún er önnur kvenna til að gegna því embætti hér á landi (Vísir, 2017b). Lyklaskipti ráðherra áttu sér svo stað á fullveldisdegi Íslendinga, þann 1. desember 2017. Síðar sama dag var fyrsti formlegi ríkisstjórnarfundur nýrrar ríkisstjórnar (Elín Margrét Böðvarsdóttir, 2017).

## **4. NIÐURSTÖÐUR**

### **4.1. KOSNINGAÞÁTTTAKA KVENNA**

Líkt og fram kemur í kaflanum *Kosningaréttur kvenna til Alþingis* að þá liðu 35 ár frá því að fyrsta frumvarpið varðandi kosningarétt kvenna var lagt fyrir Alþingi og þar til að kosningaréttur kvenna varð jafn rétti karla. Svo virðist vera að frá því að konur tóku þátt í sínu fyrsta landskjöri árið 1916 og þar til að fyrsta konan komst á þing árið 1922 hafi áhugi kvenna á stjórnmálum farið vaxandi. En árið 1916 var kjörsókn kvenna, er máttu kjósa, aðeins 10,3% en náði hún uppí 32,2% árið 1922. Á sex árum jókst því þátttaka kvenna um 21,9%. Gera má ráð fyrir að þessa aukningu á þátttöku kvenna megi rekja til sérstaks framboðslista kvenna sem boðið var fram árið 1922 með Ingibjörgu H. Bjarnason í fararbroddi. Kosningaþátttaka kvenna hélt áfram að fara vaxandi og náði hámarki árið 1974 þegar að hlutfall kvenna sem kusu náðu 90,2%. Það gerir 58% aukningu á 52 árum sem er að meðaltali um 1,1% aukning á ári. Frá og með árinu 1995 hafa konur verið örlítið virkari þátttakendur í alþingiskosningum heldur en karlar. Þegar þessi ritgerð er skrifuð er ekki búið að gefa út hlutfallslega þátttöku kynja fyrir kosningarnar 2017. En frá 1995 til 2016 hefur hlutfall kvenna alltaf verið hærra en karla. Líkt og segir hér að ofan var hlutfall kvenna 10,3% árið 1916 en árið 2016 var hlutfall kvenna 79,5%. Á hundrað árum hafði því orðið 69,2% aukning á þátttöku kvenna í alþingiskosningum.

### **4.2. FJÖLDI KVENNA Á ALÞINGI**

Á þeim 95 árum sem liðin eru frá því að fyrsta konan hlaut sæti á Alþingi, hefur fjöldi kvenna verið breytilegur innan þingsins. Fjöldi sitjandi kvenna á Alþingi hefur verið allt frá því að vera ein þingkona uppí það að vera 30 þingkonur. Þær upplýsingar sem komið hafa fram í þriðja kafla hafa verið teknar saman og má sjá í Töflu 2, hana má finna á næstu blaðsíðu. Þar má sjá hvernig hlutfall kvenna á Alþingi hefur þróast frá árinu 1922 til ársins 2017. Líkt og glöggir taka eftir að þá er árunum ekki raðað eftir kjörtímabilum, heldur er raðað miðað við breytingar sem hafa átt sér stað á þessum 95 árum. Í töflunni má sjá að nokkur stökk hafa átt sér stað er varða hlutfall kvenna á milli kjörtímabila. Sum þeirra má segja að séu nokkuð stór og verður hér á eftir farið yfir fimm stærstu stökkin hingað til. Þau hafa það sameiginlegt að vera með um 8% eða meiri breytingu á hlutfalli kvenna á milli kjörtímabila. Hlutfall kjörinna kvenna miðað við úrslit kosninga er sýnt feitletrað í töflunni en aðrar tölur miðast við breytingar sem áttu sér stað á milli kosninga.

**Tafla 2. Þróun kvennahlutfalls á Alþingi frá 1922 til 2017**

Ár	Fjöldi kvenna á Alþingi	Fjöldi þingmanna	Hlutfall kvenna á Alþingi
1922-1934	1	42	<b>2,4%</b>
1934-1938	1	49	<b>2,0%</b>
1938-1942	0	49	0,0%
1942-1946	0	52	0,0%
1946-1949	1	52	<b>1,9%</b>
1949-1953	2	52	<b>3,8%</b>
1953-1956	0	52	0,0%
1956-1959	1	52	<b>1,9%</b>
1959-1963	2	60	<b>3,3%</b>
1963-1971	1	60	<b>1,7%</b>
1971-1983	3	60	<b>5,0%</b>
1983-1984	9	60	<b>15,0%</b>
1984-1987	9	63	14,3%
1987-1989	13	63	<b>20,6%</b>
1989-1991	14	63	22,2%
1991-1993	15	63	<b>23,8%</b>
1993-1995	16	63	25,4%
1995-1996	16	63	<b>25,4%</b>
1996-1998	17	63	27,0%
1998-1999	19	63	30,2%
1999-2001	22	63	<b>34,9%</b>
2001-2003	23	63	36,5%
2003-2004	19	63	<b>30,2%</b>
2004-2005	20	63	31,7%
2005-2006	21	63	33,3%
2006-2007	23	63	36,5%
2007	20	63	<b>31,7%</b>
2007-2008	21	63	33,3%
2008-2009	23	63	36,5%
2009-2010	27	63	<b>42,9%</b>
2010-2011	26	63	41,3%
2011-2013	25	63	39,7%
2013-2014	25	63	<b>39,7%</b>
2014-2015	26	63	41,3%
2015-2016	29	63	46,0%
2016-2017	30	63	<b>47,6%</b>
2017-	24	63	<b>38,1%</b>

Fyrsta stökkið átti sér stað eftir kosningarnar árið 1983. Þar fjölgaði konum um 10% og urðu þar með 15% þingmanna eða níu talsins. Þegar þetta stökk átti sér stað höfðu konur aðeins verið þrjár af 60 í samtals 12 ár, sem gerði 5% þingmanna. Fyrir kosningarnar 1983 var Kvinnalistinn stofnaður og með tilkomu hans fóru aðrir flokkar að bæta við konum á sína framboðslista. Annað stórt stökk átti sér stað í kosningunum 1999 en þá fjölgaði konum á Alþingi úr 16 í 22 eða úr 25,4% í 34,9%. Hlutfallslega var fjölgunin því 9,5% á milli kosninga. Fyrir kosningarnar 1999 sameinuðust nokkrir flokkar til að mynda nýjan flokk, Samfylkinguna, og var Kvinnalistinn þar á meðal. Af þeim 17 einstaklingum er hlutu kjör fyrir Samfylkinguna voru níu konur og sitjandi þingkonur flokksins því hlutfallslega fleiri en karlar eða 53%. Þriðja stökkið, sem er enn fremur það stærsta, má sjá árið 2009 þegar að hlutfall kvenna náði í fyrsta sinn yfir 40%. Konur hlutu þar 27 þingsæti eða 42,9%. Þær höfðu hlotið 20 þingsæti í kosningunum 2007 sem gerði 31,7% og fjölgaði því um 11,2% á milli kosninga. Þessar kosningar áttu sér stað í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Fjórða stökkið á sér síðan stað árið 2016 þegar að konur hlutu 30 þingsæti. Það gerir 47,6% og er þar með hæsta hlutfall kvenna sem náðst hefur á Alþingi í sögu Íslands frá og með árinu 2017. Kjörnar konur höfðu verið 25 árið 2013 og hlutfall þeirra því 39,7%. Þetta þýðir að það hafði átt sér stað 7,9% aukning frá árinu 2013 til ársins 2016. Líkt og bent var á hér áður í umfjölluninni um kosningarnar 2016 hefðu konur líklega hlotið meirihluta þingsæta í fyrsta sinn ef kynjahlutfall hefði verið jafnara á framboðslistum Sjálfstæðisflokksins. Fimmsta stóra stökkið er neikvætt fyrir þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Það stökk var á milli kosninganna 2016 og 2017. Hlutfall kvenna lækkaði úr 47,6% niður í 38,1% sem gerir 9,5% lækkun. Á aðeins einu ári lækkaði fjöldi kvenna á Alþingi úr 30 niður í 24. Eins og sést í Töflu 2 hafa ekki setið færri konur á þingi síðan árið 2008. Þessa lækkun á hlutfalli kvenna á Alþingi hafa sumir rekið til Miðflokksins, Flokk Fólksins og Sjálfstæðisflokksins, líkt og bent er á í umfjölluninni um kosningarnar 2017. Þessir þrjú flokkar voru allir með hlutfallslega færri konur en karla í efstu sætum framboðslista sinna á meðan aðrir flokkar voru með jafnt hlutfall eða jafnvel fleiri konur heldur en karla.

### **4.3. MÓTLÆTI GEGN ÞÁTTTÖKU KVENNA Á ALÞINGI**

Margt hefur staðið í vegi fyrir þátttöku kvenna á Alþingi og þar með þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Í umfjölluninni um eðlishyggju kom fram að ýmsir heimspekingar fyrri tíma teldu að eðli kvenna sem tilfinningaverur gæti valdið truflunum. Þær truflanir gætu, að mati heimspekinganna, stofnað ríkjum í hættu ef að konur yrðu í forystu ríkisstjórnar. Konur ættu að vera heima hjá sér og áttu karlarnir að sjá um störf á opinberum vettvangi. Eðli kvenna var

einnig notað sem rök gegn því að konur hlytu kosningarétt, bæði hér á landi og annarsstaðar í heiminum. Einhverjir vildu meina að samkvæmt eðli kvenna gætu þær ekki hugsað rökrétt og að tilfinningar þeirra myndu ráða þegar kæmi að kosningum. John Stuart Mill benti á það að ef það væri ekki í eðli kvenna að kjósa að þá myndu þær ekki kjósa og var með því að gagnrýna raddir þeirra sem vildu ekki að konur hlytu kosningarétt. Hér á landi tók það Alþingi 30 ár að samþykkja að konur hlytu kosningarétt, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Á þeim 30 árum var frumvörpum varðandi kosningarétt kvenna vísað frá, neitað af konungi, þau felld af Alþingi, ekki rædd og ekki afgreidd. Hátt í 50 árum eftir að kona settist fyrst á Alþingi hlaut kona fyrst ráðherraembætti.

Þegar að hugað var að kvennaframboði til Alþingis á níunda áratugnum voru ekki allar kvennaframboðskonur hlynntar þeirri hugmynd og þurftu nokkrar umræður að eiga sér stað áður en framboðið varð að veruleika. Kvennalistakonur notuðu eðlishyggju sér í hag þar sem að þær töldu meðal annars að tilfinningatengslum þeirra og umhyggju ætti að vera hampað af þjóðfélaginu. Ýmislegt var gert til að koma í veg fyrir það að Kvennalistinn næði kjöri eins og að leyfa þeim ekki að taka þátt í almennum stjórnmálalegum umræðum framboða.

Lágt kynjahlutfall kvenna hefur stundum einkennt framboðslista landsins. Þetta hefur þó að mestu tekið breytingum og þá sérstaklega þegar horft er yfir 21. öldina. Þó kemur það enn fyrir að konur séu í áberandi minnihluta. Formaður Miðflokksins gaf til kynna í viðtali eftir kosningarnar 2017 að konur forðuðust stjórnmál vegna „persónulegs níðs“. Hann telur það ástæðuna fyrir því að þær vilji ekki koma sér í ábyrgðarstöðu í stjórnmálum.

## **5. UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR**

Við upphaf vinnunnar við gerð þessarar ritgerðar voru lagðar fram tvær rannsóknarspurningar. Hvernig hefur kynjajafnrétti þróast á Alþingi? Hví er þróunin hæg? Þegar litið er á það sem komið hefur í ljós hér að framan má sjá að það er ekki til eitt ákveðið svar við þessum spurningum.

Þegar litið er yfir þau fimm stökk sem minnst var á í niðurstöðukaflanum má draga þá ályktun, að það séu ýmsar ástæður fyrir þessum stökkum. Fyrsta stökkið hefur líklega átt sér stað vegna framboðs Kvinnalistsans en það leiddi, eins og áður segir, til þess að aðrir flokkar bættu konum á sína framboðslista. Erfitt er að segja til um hvort að þetta hefði átt sér stað, ef ekki hefði verið fyrir tilkomu Kvinnalistsans. Það má því álykta að hann hafi haft veruleg áhrif hér á landi hvað varðar þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Kvinnalístakonur vildu gera eitthvað nýtt, þær vildu breytingar og þær vildu komast í valdastöðu til að hafa áhrif svo að fátt eitt sé nefnt. Með þessu má segja að þær hafi verið að breyta þáverandi hugmynd um kyngervi og með árangri sínum hafi þær breytt hugsun komandi kynslóða, þær veittu þar með nýja túlkun á kyngervi. Þegar litið er á stökk tvö má sjá að það sé mögulega hægt að rekja það til sameiningu nokkurra flokka sem leiddi til þess að Samfylkingin var stofnuð. Þeir flokkar er stóðu fyrir stofnun Samfylkingarinnar höfðu hver um sig sína eigin stuðningsmenn og má því gera ráð fyrir því að þeir hafi margir haldið hollustu við gamla flokkinn sinn þrátt fyrir sameininguna. Sökum þess hve margar konur náðu kjöri fyrir flokkinn í kosningunum árið 1999 er augljóst að þær hafi setið ofarlega á framboðslistum flokksins.

Ef horft er til þess er átti sér stað í samfélaginu fyrir kosningarnar árið 2009 má áætla að það hafi haft áhrif á þriðja stökkið. Líkt og hefur áður komið fram að þá áttu kosningarnar árið 2009 sér stað í kjölfar þess sem gerðist hér á landi eftir bankahrunið 2008. Í þessum kosningum náðu Samfylkingin og Vinstri grænir meirihluta þingsæta eða 34 talsins. Hér varð hlutfall kvenna í fyrsta sinn yfir 40% af kjörnum þingmönnum. Af þessum 34 einstaklingum er hlutu sæti á þingi fyrir Samfylkinguna og Vinstri græna voru 20 þeirra fulltrúar Samfylkingarinnar. Ef litið er til ársins 1999 þegar konur voru meirihluti þingmanna Samfylkingarinnar má áætla að það sama hafi átt við árið 2009. Búast má einnig við því að konur hafi verið ofarlega á listum Vinstri grænna. Það má því álykta að hlutfall kvenna hafi verið hátt meðal þeirra sem náðu kjöri fyrir þessa tvö flokka og útskýrir það þriðja stökkið. Hvað varðar fjórða stökkið virðist vera að ástæðan fyrir því sé að konum hafi fjölgað í efstu sætum flestra framboðslista. Sú staðreynd er

augljós, því ef konurnar hefðu ekki verið ofarlega á listum flokkanna þá hefði kynjahlutfallið ekki verið jafnt. Það er þó verulega svekkjandi að hugsa til þess, að mögulega hefði stökkið geta verið hærra ef kynjahlutfallið væri jafnara meðal allra flokka landsins. Þegar kemur svo að fimmta stökkinu má segja að verulegt bakslag hafi orðið á þróun kynjajafnréttis og við það vakna margar spurningar. Þeim er þó erfitt að svara eins og er sökum þess hve stutt er frá því að kosningarnar áttu sér stað. Fimmta stökkið sýnir að lækkun hafi átt sér stað sem leiddi til þess að hlutfall kvenna á Alþingi varð lægra en það hafði verið í hátt í 10 ár. Í stað þess að kalla þetta stökk væri réttara að kalla þetta bakslag sökum þess hversu stórt skref aftur á bak þetta er í þróun kynjajafnréttis. Það er aðeins eitt ár sem aðskilur stökk fjögur og fimm sem sýnir hversu fljótt breyting getur átt sér stað og sannar að konur þurfa enn að berjast fyrir því að verða jafnar körlum.

Þrátt fyrir að konum á Alþingi hafi fækkað töluvert eftir kosningarnar 2017 voru þær hlutfallslega fleiri en karlar í fimm efstu sætum framboðslista í kjördæmum landsins. Það dugði þó ekki til að halda nokkuð jöfnu kynjahlutfalli inni á Alþingi. Telja má að ástæðan fyrir því sé til dæmis sú að oft komast kannski bara einn eða tveir inn á Alþingi fyrir sinn flokk úr sínu kjördæmi og stundum kemst enginn. Önnur ástæða getur verið fjöldi framboða þar sem að atkvæði dreifast víðar og því ná færri inn fyrir hvern flokk þegar margir flokkar eru að ná kjöri. Þegar að úrslit kosninganna árið 2017 urðu ljós og ljóst var að konum fækkaði á Alþingi fóru af stað umræður á milli kvenna um möguleikann á nýju kvennaframboði. Áhugavert verður að sjá hvort af því verði og ef svo yrði, hvort að það muni hafa sömu áhrif og Kvinnalístin hafði uppúr 1983. Það er að segja að aðrir flokkar fari að fjölga konum á listum sínum. Þegar virðist vera að konur séu þó nokkuð margar á flestum ef ekki öllum listum. Spurning er hvort að nýtt kvennaframboð myndi leiða til þess að fleiri konur fái efstu sætin á listum allra stjórnsmálaflokka og þá sérstaklega oddvitasæti.

Þegar litið er á hvernig hlutföll kynjanna hefur þróast á Alþingi í þessi 95 ár má sjá að kynjajafnrétti hefur aukist, séu úrslit kosninganna 2017 ekki tekin með. Fyrir komu Kvinnalístans hafði hlutfall kvenna á Alþingi verið um eða undir 5% í yfir 60 ár. Með tilkomu Kvinnalístans varð fjöldi kvenna á Alþingi í fyrsta sinn yfir 10% og aðeins fjórum árum síðar varð fjöldi þeirra yfir 20%. Því hlutfalli héldu konur í 12 ár og náði hlutfallið í fyrsta sinn yfir 30% árið 1999. Síðan þá hefur hlutfall kvenna ávallt verið yfir 30% og hefur tvívegis náð yfir 40% líkt og komið hefur fram. Það er því von um að ná hlutfalli kvenna á Alþingi yfir 40% að

nýju og viðhalda því hlutfalli. Erfitt er þó að segja til um hvenær það muni nást og þá sérstaklega þegar hugsað er til bakslags kosninganna 2017.

Ef að úrslit næstu alþingiskosninga, sem vonandi verða ekki fyrr en árið 2021, verða álíka og árið 2017 hvað varðar hlutfall kvenna að þá er hægt að álykta að þróun kynjajafnréttis sé að byrja að fara aftur á bak. Þau dæmi sem voru nefnd í ritgerðinni varðandi lækkandi hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum, á öðrum vettvangi en Alþingi, gæti verið hægt að líta á sem vísbendingar um að kynjajafnrétti sé hægt og rólega að byrja að fara aftur á bak. Stjórnmalaflokkar ættu að sýna fordæmi og setja fleiri konur ofarlega á sína lista. Því því ættu fyrirtæki að hafa konur sem stjórnendur ef að sjálfir stjórnmalaflokkar landsins, þeir sem eiga að stjórna landinu okkar, eru ekki að gera það sjálfir. Þátttaka kvenna til alþingiskosninga hefur einnig aukist mikið frá því þær gátu kosið fyrst. Þá þróun má því líta á sem jákvæða og á hún svo sannarlega við þegar að hugsað er um þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Því ef að konur hefðu ekki hlotið kosningarétt og rétt á kjörgengi, þá væri staðan ekki sú sem hún er í dag þó að hún hafi áður verið betri.

Hvað varðar hraða á þróun kynjajafnréttis á Alþingi má segja að það séu margir þættir sem spili inni og valdi því að þróunin sé hæg. Má þar fyrst nefna mismunandi túlkun einstaklinga á kenningum á borð við eðlishyggju, er varðar eðli karla og kvenna, og kyngervi, hvernig karlar og konur eigi að vera. Ef hugað er að þeim orðum er formaður Miðflokksins lét falla um konur og stjórnmal, má sjá að hann hafi verið að nota eðli kvenna sem ástæðu fyrir því að þær taki minni þátt í stjórnmalum en karlar. Það má segja að hann hafi í raun sagt að tilfinningar kvenna væru það sem standi í vegi fyrir þeim. Þegar litið er á efstu sæti framboðslista Viðreisnar og Vinstri grænna má sjá augljósa þversögn við orð formanns Miðflokksins. Einstaklingar sem skipa efstu sæti þessara flokka eru jafnt konur sem karlar og eru konur til að mynda fleiri en karlar í efstu sætum Vinstri grænna. Ástæðan fyrir minni þátttöku kvenna en karla í stjórnmalum, virðist því vera sú að konur hljóti ekki sömu tækifæri og karlar. Það eru ekki allir flokkar sem veita konum jöfn tækifæri og karlar. Út frá þessu má sjá að skortur á tækifærum kvenna innan ákveðinna flokka, sé önnur ástæða fyrir því að þróunin sé hæg. Sumir stjórnmalaflokkar landsins virðast ekki vera að veita konum sömu tækifæri og körlum er veitt. Það er látið líta út eins og allir séu að fá jöfn tækifæri með því að skipa konum jafnt sem körlum inn á lista flokkanna. Konur munu þó ekki hljóta tækifærið til að setjast á Alþingi nema þær fái oddvitasæti listanna jafnt á við karla og á það sama við um önnur sæti listanna.



Telja má að það sem þurfi að gera til að ná sem bestum árangri í þróun kynjajafnréttis á Alþingi sé að hafa jafnt kynjahlutfall í öllu sætum, allra framboðslista, í öllum kjördæmum landsins. Þá fyrst aukast líkurnar á því að konur nái því að vera hlutfallslega jafnar eða jafnvel fleiri en karlar á Alþingi. Flokkar landsins ættu að hampa konum jafnt sem körlum og vera ófeimnir með að veita konum tækifæri. Það mun auka líkurnar á jöfnu kynjahlutfalli. Konur eru helmingur þjóðarinnar og er því rökrétt að þær séu helmingur þeirra sem stjórna landinu. Það yrði einnig hvetjandi fyrir ungar stúlkur að sjá konur í þessum valdastöðum og það mun jafnframt sýna þeim að þær séu jafnar strákum. Sú hugsun gæti síðan leitt til þess að jafnt kynjahlutfall yrði normið í öllum stöðum hér á landi, hvort sem það yrði í fyrirtækjum eða á Alþingi.

Þegar höfundur ritgerðarinnar lítur yfir verk sitt, þá kemur lítið upp í hugann um hvað hefði mátt gera öðruvísi við gerð ritgerðarinnar. Áhugavert hefði verið að senda spurningarlista á þingmenn landsins til að fá álit þeirra á viðfangsefninu. Það hefði þó verið efni í aðra rannsókn. Þá hefði verið hægt að líta á viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni og skoða þá til dæmis viðhorf þingmanna á þróun kynjajafnréttis á Alþingi. Enn fremur yrði áhugavert að sjá hvernig þingmenn myndu svara og sjá hvort að tengsl væru á milli svara þeirra og stöðu flokka þeirra í kynjajafnréttismálum.

## 6. LOKAORÐ

Vinnan sem er á bakvið þessa ritgerð hefur verið mjög áhugaverð, átakanleg og lærdómsrík. Ísland er talið vera það land sem hefur komist hvað lengst í jafnréttismálum en augljóst er að það sé enn margt hér sem þurfi að lagfæra. Áhugavert verður að sjá hver staða Íslands verður á næsta lista Alþjóðæfnahagsráðsins og þá sérstaklega í ljósi þess að hlutfall kvenna á Alþingi hefur lækkað. Þrátt fyrir það er hlutfall kvenna í nýrri ríkisstjórn nokkuð jafnt á við hlutfall karla og er hún til að mynda með konu í embætti forsætisráðherra. Þetta er í annað sinn í íslenskri stjórnmalasögu sem kona gegnir því embætti. En ætli Ísland nái því að halda efsta sæti listans níunda árið í röð?

Það verður einnig áhugavert að sjá hvort að stjórnmalaflokkar landsins muni gera eitthvað til að auka möguleika kvenna á kjöri, það er að segja þeir flokkar sem ekki hafa verið með jafnt kynjahlutfall í forystusætum sínum. Það er mín skoðun að allir þeir sem vilja ættu að hljóta tækifæri, ábyrgð og réttindi til að sanna sig. Ég vona svo innilega að ég muni upplifa það á minni ævi að sjá jafnt kynjahlutfall á Alþingi Íslands. Jafnt kynjahlutfall sem mun haldast lengur en eitt kjörtímabil. Ég vona einnig að ég muni sjá konur hljóta fleiri tækifæri í stjórnmalastörfum hér á landi því það er svo sannarlega áhugi fyrir því.

Það er mín einlæga von að þessi ritgerð muni opna augu allra þeirra er lesa hana. Opna augun fyrir þeirri staðreynd að enn sé ekki búið að ná fullkomnu kynjajafnrétti hér á landi. Mikilvægt er að halda baráttunni áfram og ég vona að þessi ritgerð verði öðrum hvatning til þess. Hjálpumst að við að loka bilinu á milli kynjanna. Gerum Ísland að enn betri stað til að lifa á, bæði fyrir okkur og fyrir komandi kynslóðir.

## HEIMILDASKRÁ

Alþingi. (1. febrúar 2016a). *Ragnildur Helgadóttir*. Sótt 20. september 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=490>

Alþingi. (11. febrúar 2016b). *Jóhanna Sigurðardóttir*. Sótt 1. október 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=287>

Alþingi. (e.d.a.). *Áskoranir*. Sótt 21. september 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/askoranir/>

Alþingi. (e.d.b.). *Forseti Alþingis*. Sótt 31. október 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingmenn/embaetti/forseti-althingis/>

Alþingi. (e.d.c.). *Fróðleikur um nefndastörf*. Sótt 13. október 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingnefndir/nefndastorf/frodleikur-um-nefndastorf/>

Alþingi. (e.d.d.). *Kjörnar konur*. Sótt 31. október 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/kjornar-konur/>

Alþingi. (e.d.e.). *Kosningarréttur - þingmál og umræður*. Sótt 20. september 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/kosningarrettur/>

Alþingi. (e.d.f.). *Kvenforsetar*. Sótt 28. september 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/forsetar-althingis/?timarod=1>

Alþingi. (e.d.g.). *Kvenráðherrar*. Sótt 27. september 2017 frá Alþingi:  
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/radherrar/?timarod=1>

Alþingi. (e.d.h.). *Leit að þingmönnum-Karlar frá 1922*. Sótt 31. október 2017 frá Alþingi:  
[https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/leit-i-althingismannatali/?texti=&kyn=1&tegund=\[PL\]&thingflokkur=&kjordaemi=&thing=34&tilthing=148#tab1](https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/leit-i-althingismannatali/?texti=&kyn=1&tegund=[PL]&thingflokkur=&kjordaemi=&thing=34&tilthing=148#tab1)

- Alþingi. (e.d.i.). *Leit að þingmönnum-Konur frá 1922*. Sótt 31. október 2017 frá Alþingi: [https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/leit-i-althingismannatali/?texti=&kyn=2&tegund=\[PL\]&thingflokkur=&kjordaemi=&thing=34&tilthing=148#tab2](https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/leit-i-althingismannatali/?texti=&kyn=2&tegund=[PL]&thingflokkur=&kjordaemi=&thing=34&tilthing=148#tab2)
- Alþingi. (e.d.j.). *Leit að þingmönnum-Ráðherrar frá 1922*. Sótt 30. nóvember 2017 frá Alþingi: <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/leit-i-althingismannatali/?texti=&kyn=&tegund=R&thingflokkur=&kjordaemi=&thing=34&tilthing=148#tab1>
- Alma Ómarsdóttir. (15. september 2017). *Aðdragandi stjórnarslitanna - tímalína*. Sótt 1. nóvember 2017 frá RÚV: <http://www.ruv.is/frett/addragandi-stjornarslitanna-timalina>
- Ásta Kristjana Sveinsdóttir. (2001). *Eðlishygga í endurskoðun*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í Kvænnafræðum.
- Björn Jón Bragason. (2015). *Bylting og hvað svo?* Reykjavík: Salka.
- Butler, J. (1988). Performative Acts and Gender Constitution: An Essay in Phenomenology and Feminist Theory. *Theatre Journal*, 40(4), 519-531.
- Elín Margrét Böðvarsdóttir. (1. desember 2017). „Furðulegt að ég sé önnur konan“. Sótt 1. desember 2017 frá Morgunblaðið: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/12/01/furdulegt\\_ad\\_eg\\_se\\_onnur\\_konan/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/12/01/furdulegt_ad_eg_se_onnur_konan/)
- Forsætisráðuneytið. (28. maí 1999). *Þriðja ráðuneyti Davíðs Oddssonar*. Sótt 28. september 2017 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/1999/05/28/Thridja-raduneyti-Davids-Oddssonar/>
- Forsætisráðuneytið. (1. febrúar 2009a). *Ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur*. Sótt 1. október 2017 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2009/02/01/Raduneyti-Johonnu-Sigurdardottur/>
- Forsætisráðuneytið. (10. maí 2009b). *Annad ráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur*. Sótt 1. október 2017 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2009/05/10/Annad-raduneyti-Johonnu-Sigurdardottur/>

- Forsætisráðuneytið. (e.d.). *Löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald*. Sótt 11. október 2017 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/stjornskipan-og-thjodartakn/thriskipting-valds/>
- Freyr Gígja Gunnarsson. (6. apríl 2016). *Kosningar í haust - Lilja verður ráðherra*. Sótt 28. september 2017 frá RÚV: <http://ruv.is/frett/kosningar-i-haust-lilja-verdur-radherra>
- Garðar Gíslason. (2008). *Félagsfræði - einstaklingur og samfélag*. Reykjavík: Mál og menning.
- Gísli Jónsson. (1977). *Konur og kosningar. Þættir úr sögu íslenskrar kvenréttindabaráttu*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2007). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (1999). Kvennabarátta á tímamótum. *Vera*, 15-18.
- Hagstofa Íslands. (18. júní 2015). *Hagtiðindi - Kosningar: Konur og kosningar í 100 ár*. Sótt 4. nóvember 2017 frá Hagstofa Íslands: [https://www.hagstofa.is/media/49159/hag\\_150618.pdf](https://www.hagstofa.is/media/49159/hag_150618.pdf)
- Hagstofa Íslands. (20. desember 2016). *Hagtiðindi - Kosningar: Alþingiskosningar 29. október 2016*. Sótt 4. nóvember 2017 frá Hagstofa Íslands: [https://www.statice.is/media/50224/hag\\_161220.pdf](https://www.statice.is/media/50224/hag_161220.pdf)
- Haraldur Guðmundsson. (1. febrúar 2017). *Valdamiklum konum í stjórnun fjölgar ekki*. Sótt 30. október 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2017170209994>
- Jafnréttisstofa. (mars 2017). *Gender equality in Iceland*. Sótt 16. október 2017 frá Jafnréttisstofa: [http://jafnretti.is/D10/\\_Files/Gender\\_Equality\\_in\\_Iceland\\_2017.pdf](http://jafnretti.is/D10/_Files/Gender_Equality_in_Iceland_2017.pdf)
- Jafnréttisstofa. (e.d.). *Orðabók*. Sótt 16. október 2017 frá Jafnréttisstofa: <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37>
- Jón Pétur Jónsson. (28. nóvember 2017). *Katrín fær stjórnarmyndunarumboðið*. Sótt 28. nóvember 2017 frá Morgunblaðið: [http://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/11/28/katrin\\_faer\\_stjornarmyndunarumbodid/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/11/28/katrin_faer_stjornarmyndunarumbodid/)

- Kjarninn. (21. apríl 2016). *Stærsti gagnaleki sögunnar*. Sótt 28. september 2017 frá Kjarninn: <https://kjarninn.is/sidur/2016-04-19-panamaskjolin/>
- Kjarninn. (29. október 2017). *Framboðslistar og fulltrúar í Alþingiskosningum 2017*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Kjarninn: <https://kjarninn.is/staflar/kosningar/2017-10-13-frambodslistar-og-fulltruar-i-althingiskosningum-2017/>
- Konur og stjórnsmál. (e.d.). *Formaður stjórnsmálaflokks beggja kynja*. Sótt 28. september 2017 frá Konur og stjórnsmál: <http://www.konurogstjornmal.is/atburdir/#atburdur/formadur-stjornmalaflokks-beggja-kynja>
- Kristín Ástgeirsdóttir. (8. júlí 2012). *Fyrst kvenna á þingi*. Sótt 20. september 2017 frá Alþingi: [https://www.althingi.is/pdf/Kristin\\_IHB.pdf](https://www.althingi.is/pdf/Kristin_IHB.pdf)
- Kristín Ástgeirsdóttir. (10. maí 2017). *Erindi - Jafnlaunavottun*. Sótt 30. október 2017 frá Alþingi: <https://www.althingi.is/altext/erindi/146/146-1242.pdf>
- Kristín Jónsdóttir. (2007). „*Hlustaður á þína innri rödd*“. *Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982-1987*. Reykjavík: Sögufélag.
- Kvennalistinn. (1983). *Stefnuskrá*. Sótt 26. september 2017 frá Bækur.is: <http://baekur.is/is/bok/000341803/Stefnuskra>
- Kvenréttindafélag Íslands. (2017). *Kosningar 2017*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Kvenréttindafélag Íslands: <http://kvenrettindafelag.is/kosningar2017/>
- Leavy, P., & Trier-Bieniek, A. (2014). Introduction to gender & pop culture. Í A. Trier-Bieniek, & P. Leavy (Ritstj.), *Gender & Pop Culture* (bls. 1-25). Rotterdam: Sense Publishers.
- Matthías Tryggvi Haraldsson. (14. nóvember 2017). *Formlegar stjórnarmyndunarviðræður hafnar*. Sótt 28. nóvember 2017 frá RÚV: <http://www.ruv.is/frett/formlegar-stjornarmyndunarvidraedur-hafnar>
- Mill, J. S. (2003). *Kúgun kvenna*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Milla Ósk Magnúsdóttir. (6. nóvember 2017). *Stjórnarmyndunarviðræðum slitid*. Sótt 6. nóvember 2017 frá RÚV: <http://www.ruv.is/frett/stjornarmyndunarvidraedum-slitid-0>

- Morgunblaðið. (29. október 2017a). *Úrslit Alþingiskosninga í október 2017*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Morgunblaðið: <http://www.mbl.is/frettir/kosningar/results/>
- Morgunblaðið. (31. október 2017b). *Vilja ekki vera uppfyllingarefni fyrir kalla*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Morgunblaðið: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/31/vilja\\_ekki\\_vera\\_uppfyllingarefni\\_fyrir\\_kalla/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/31/vilja_ekki_vera_uppfyllingarefni_fyrir_kalla/)
- Morgunblaðið. (2. nóvember 2017c). *Katrín komin með umboðið*. Sótt 2. nóvember 2017 frá Morgunblaðið: [http://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/11/02/katrin\\_komin\\_med\\_umbodid/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/11/02/katrin_komin_med_umbodid/)
- Morgunblaðið. (6. nóvember 2017d). *Guðni ræðir við aðra formenn*. Sótt 6. nóvember 2017 frá Morgunblaðið: [http://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/11/06/gudni\\_raedir\\_vid\\_adra\\_formenn/](http://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/11/06/gudni_raedir_vid_adra_formenn/)
- Nanna Elísa Jakobsdóttir. (7. apríl 2016). *Sigurður Ingi orðin forsætisráðherra Íslands*. Sótt 28. september 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2016160408904>
- Rees, B., & Garnsey, E. (2003). Analysing Competence: Gender and Identity at Work. *Gender, Work and Organization*, 10(5), 551-578.
- Ritstjórn Kvennablaðsins. (11. janúar 2017). *Fáar konur í ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar*. Sótt 28. september 2017 frá Kvennablaðið: <http://kvennabladid.is/2017/01/11/faar-konur-i-rikisstjorn-bjarna-benediktssonar/>
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999). Konur og líkaminn: Frá Beauvoir til Butler. Í Irma Erlingsdóttir, & Sigríður Þorgeirsdóttir (Ritstj.), *Simone de Beauvoir. Heimspekingur, Rithöfundur, Feministi* (bls. 101-119). Reykjavík: Rannsóknarstofa í Kvænnafræðum, Háskólaútgáfan.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001a). Er til kvennasiðfræði? Í Sigríður Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin* (bls. 49-64). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001b). Heimspekingar um eðli kvenna. Í Sigríður Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin* (bls. 19-33). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2001c). Jafnrétti, mismunur og fjölskyldan. Í Sigríður Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin* (bls. 77-94). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. (1993). *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands.
- Stefán Karlsson. (2009). *Stjórnmálafræði. Stjórnmálastefnur, Stjórnkerfið, Alþjóðastjórnmál*. Reykjavík: Iðnú.
- Stets, J. E., & Burke, P. J. (2000). Femininity/Masculinity. Í E. F. Borgatta, & R. J. Montgomery (Ritstj.), *Encyclopedia of Sociology*. New York: Macmillan.
- Stjórnarráð Íslands. (23. maí 2013). *Ráðuneyti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar*. Sótt 28. september 2017 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2013/05/23/Raduneyti-Sigmundar-Davids-Gunnlaugssonar/>
- Stundin. (29. október 2017). *Sigmundur segir konur forðast stjórnmál vegna erfiðrar umræðu*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Stundin: <https://stundin.is/grein/5709/>
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir. (15. september 2017a). *Björt framtíð slítur ríkisstjórnarsamstarfinu*. Sótt 28. september 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2017170919337/bjort-framtid-slitur-rikisstjornarsamstarfinu>
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir. (18. september 2017b). *Þing rofið 28. október og gengið til kosninga*. Sótt 28. september 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2017170918943/thing-rofid-28-oktober-og-gengid-til-kosninga>
- Sylvía Rut Sigfúsdóttir. (29. október 2017). *Ekki færri konur á Alþingi síðan árið 2007*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2017171028687>
- Tryggvi Páll Tryggvason. (20. nóvember 2015). *Kynjajafnrétti ekki náð fyrir en árið 2133*. Sótt 31. október 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/2015151129935>
- United Nations. (e.d.). *Concepts and definitions*. Sótt 16. október 2017 frá UN: <http://www.un.org/womenwatch/osagi/conceptsanddefinitions.htm>



- Valgeir Örn Ragnarsson. (30. október 2017). *Ræddu kvennaframboð á fjölmennum fundi*. Sótt 1. nóvember 2017 frá RÚV: <http://www.ruv.is/frett/raeddu-kvennaframboð-a-fjølmennum-fundi>
- Velferðarráðuneytið. (12. júní 2017). *Jafnlaunavottun lögfest*. Sótt 30. október 2017 frá Stjórnarráð Íslands: <https://www.stjornarradid.is/?PageID=e5cf150d-33a7-11e6-80c7-005056bc217f&NewsID=4bf029c9-ec8e-11e6-9417-005056bc530c>
- Vísir. (30. október 2017a). *Ræða mögulegt kvennaframboð*. Sótt 1. nóvember 2017 frá Vísir: [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/30/raeda\\_mogulegt\\_kvennaframboð/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/30/raeda_mogulegt_kvennaframboð/)
- Vísir. (30. nóvember 2017b). *Vaktin: Ríkisstjórn Katrínar tekur við völdum*. Sótt 30. nóvember 2017 frá Vísir: <http://www.visir.is/g/20171139966/vaktin-rikisstjorn-katrinar-tekur-vid-voldum>
- West, C., & Zimmerman, D. H. (júni 1987). Doing gender. *Gender and Society*, 1(2), 125-151.
- World Economic Forum. (2016). *The Global Gender Gap Report*. Sótt 31. október 2017 frá World Economic Forum: [http://www3.weforum.org/docs/GGGR16/WEF\\_Global\\_Gender\\_Gap\\_Report\\_2016.pdf](http://www3.weforum.org/docs/GGGR16/WEF_Global_Gender_Gap_Report_2016.pdf)
- Zamfirache, I. (2010). Women and Politics - The Glass Ceiling. *Journal of Comparative Research in Anthropology and Sociology*, 1(1), 175-185.
- Þórunn Elísabet Bogadóttir. (1. nóvember 2016). *Konur í meirihluta ef ekki væri fyrir Sjálfstæðisflokkinn*. Sótt 31. október 2017 frá Kjarninn: <https://kjarninn.is/skyring/2016-11-01-konur-i-meirihluta-ef-ekki-vaeri-fyrir-sjalfstaedisflokkinn/>



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

